# FRÉTTABLAÐIÐ

157. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 5. JÚLÍ 2016



Þeir voru glæsilegir, strákarnir í íslenska landsliðinu, þegar þeim var ekið niður Skólavörðustíginn í gær, eftir heimkomuna frá Frakklandi. Tugþúsundir Íslendinga, en líka erlendra ferðamanna, voru saman komnar í miðbænum til að berja þá augum. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Þrjú fjarstæði voru tekin í notkun á Keflavíkurflugvelli nýverið. Tólf rútur eru í notkun á vellinum og þrír strætisvagnar í leigu. 2

**FRÉTTIR** Skrautlegum ferli Nigels Farage í breskum stjórnmálum er að ljúka. 4

**SKOÐUN** Fleiri þurfa leiðréttingu, skrifar Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB. 8

**SPORT** EM kvennalandsliða í golfi hefst á Urriðavelli í dag. 12

**LÍFIÐ** Arna Ýr hefur vart undan við að gefa eiginhandaráritanir. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **BÍLAR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Taldir hafa svipt unga konu frelsi

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlmenn sitja nú í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni vegna gruns um að hafa svipt barnsmóður annars mannsins frelsi og beitt hana ofbeldi.

Mennirnir eru vinir og eru í kringum þrítugt en stúlkan er átján ára. Atvikið átti sér stað sunnudaginn 26. júní en mennirnir eiga að hafa svipt konuna frelsi, beitt hana ofbeldi og meðal annars klippt í tær hennar.

Stúlkan náði sjálf að tilkynna atvikið og voru mennirnir tveir handteknir í kjölfarið.

Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði mennina í einnar viku gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Þeim úrskurði var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er með málið til rannsóknar en samkvæmt upplýsingum frá embættinu hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort farið verði fram á framlengingu á gæsluvarðhaldinu yfir mönnunum í dag. – ngy

**» Mennirnir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í eina viku og var þeim úrskurði ekki áfrýjað til Hæstaréttar Íslands.**

# Embættismenn fái samningsrétt

**Forseti ASÍ og framkvæmdastjóri SA telja eðlilegt að fækka þeim sem heyra undir kjararáð. Fjármálaráðherra hefur boðað frumvarp þess efnis. Forseti ASÍ segir að jafnræði aukist með því að fleiri stéttir hafi samningsrétt.**

**KJARAMÁL** Aðilum vinnumarkaðarins hugnast vel að fækka þeim sem fá laun ákveðin af kjararáði. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hyggst leggja fram frumvarp þess efnis á Alþingi að því er fram kom í fréttum RÚV.

Kjararáð hækkaði laun þeirra sem heyra undir ráðið um 7,15 prósent í síðasta mánuði. Laun ráðuneytisstjóra hækka um tæplega þriðjung eftir að skrifstofustjórar stjórnarráðsins og ráðuneytisstjórar fengu sérstaka launahækkun hjá kjararáði.

„Við höfum lengi haldið því fram að það væri fullkominn óþarfi að hafa allan þennan fjölda sem heyrir undir kjararáð. Erlendis, eins og í Svíþjóð til dæmis, þar semja héraðsdómarar og dómarar bara við sína viðsemjendur,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Gylfi segist ekki hafa séð umrætt frumvarp en hann fagni því að gera eigi breytingar á kjararáði. Hann ítrekar, það sem fram kom í Fréttablaðinu um helgina, að hann vilji að Alþingi komi saman til að afturkalla nýlegar launahækkanir kjararáðs.

Undir kjararáð heyra meðal annars þjóðkjörnir fulltrúar, dómarar, forstöðumenn ríkisstofnana, framkvæmdastjórar hlutafélaga sem eru að meirihluta í eigu ríkisins, saksóknarar, prestar, sýslumenn og sendiherrar.

„Að hafa svona stóra hópa sem fá alltaf einhverja réttmæta leiðréttingarfasa, gjarnan með einhverja tilvísun langt aftur í tímann virðist vera, er algjört stílbrot að okkar mati,“ segir Gylfi.

**Við höfum lengi haldið því fram að það væri fullkominn óþarfi að hafa allan þennan fjölda sem heyrir undir kjararáð.**

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ



Undir þetta tekur Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sem telur eðlilegra að embættismennirnir hefðu rétt til að semja sjálfir. „Ég held að það sé langeðlilegast og á að vera meginreglan. Það er í algjörum undantekningum sem gripið er til annarra ráðstafana sem þessara og þar hefur, hvað kjararáð varðar, verið horft til þjóðkjörinna fulltrúa og einhverra lykilstarfsmanna stjórnarráðsins,“ segir Þorsteinn.

Með því að fækka þeim sem heyri undir kjararáð megi auka jafnræði á milli hópa. „Það að það komi eitthvert svona ráð fimm manna sem fjalli um réttmætar launabreytingar. Það er ekki það sem fólk fær almennt,“ segir Gylfi. „Það þarf bara að hafa fyrir því að berjast fyrir sínum réttindum. Þar fær nú ekkert endilega réttlætið ráðið.“ – ih



## Veður




Breytileg átt 3-8 metrar eða hafgola í dag. Skýjað með köflum eða bjartviðri en líkur á síðdegisskúrum, einkum sunnanlands. Hiti víða 10 til 16 stig, en svalara við austurströndina.

SJÁ SÍÐU 16

# Þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna fagnað




Íbúar í Georgíufylki fögnuðu þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna í gær, þann 4. júlí, eins og víðar í landinu, með því að efna til skrúðgöngu. Sumir gengu, en aðrir létu sér nægja að aka. Í gær voru liðin 240 ár frá því að Bandaríkjamenn lýstu yfir sjálfstæði sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Fleiri með sárasótt

**HEILBRIGÐISMÁL** Það sem af er árinu 2016 hafa 16 tilfelli af sárasótt verið greind á Íslandi, sem staðfestir umtalsverða aukningu á sjúkdómum á undanförnum tveimur árum. Þessi aukning hefur líka verið erlendis segir í Farsóttafréttum, fréttabréfi sóttvarnalæknis.

Af þessum 16 einstaklingum voru 14 karlmenn en konur voru tvær. Árið 2015 greindust 27 manns með sjúkdóminn, þar af 24 karlmenn og þrjár konur. Flestir þeirra sem sýktust þá voru karlar sem stunda kynlíf með öðrum körlum.

Ein barnshafandi kona greindist með sýkingu af völdum sárasóttar, en slík sýking getur valdið skaða á fóstri ef hún er ómeðhöndluð. **– jhh**



**Trudeau forsætisráðherra í gleðigöngu samkynhneigðra.** NORDICPHOTOS/AFP

## Kynferðið yrði ekki tilgreint

**KANADA** Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, segir að nú sé verið að skoða hvort kanadíska ríkið eigi að hefja útgáfu persónuskilríkja, þar sem kynferði einstaklinga er haft ótilgreint.

Hann sagði þetta lið í sögulegri þróun samtímans í átt til réttlætis.

Trudeau skýrði frá þessu á sunnudag þegar hann, fyrstur kanadískra forsætisráðherra, tók þátt í gleðigöngu hinsegin fólks í Toronto.

Kynhlutlaus persónuskilríki hafa þegar verið leyfð í nokkrum löndum, þar á meðal í Ástralíu, Nepal og á Nýja-Sjálandi. **– gb**

## Tekinn með afsagaða haglabyssu

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynning barst um mann vopnaðan afsagaðri haglabyssu á bifreiðastæði við Kringluna í gær. Skömmu síðar var tilkynnt um mann með haglabyssu á Grensásvegi og hann sagður hafa skotið úr henni á rúðu í húsi við götuna og sömuleiðis ökutæki sem þar var.

Sérsveit ríkislögreglustjóra var strax kölluð til, en lögreglumenn frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu voru henni til aðstoðar.

Bíll mannsins fannst svo nokkru síðar í öðru hverfi borgarinnar og maðurinn sömuleiðis.

Sérsveitin handtók manninn og þrjá til viðbótar, auk þess sem haglabyssa fannst í húsi steinsnar frá bíl mannsins. Ekkert bendir til að hleypt hafi verið af byssunni á fyrrnefndum stöðum, en rúðubrotið á Grensásvegi er rakið til annars. **– jhh**

# Tólf rútur í notkun á Keflavíkurflugvelli

**Vegna fjölgunar farþega á Keflavíkurflugvelli komast flugvélar á vellinum ekki upp að flugstöðinni. Því þarf að notast við risastór fjarstæði. Þrjú slík stæði voru gerð á vellinum nýlega. Tólf rútur og þrír strætisvagnar eru í farþegaakstri.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þetta er fyrst og fremst gert til að bregðast við þessari rosalegu fjölgun farþega og til þess að geta afgreitt allar þessar vélar," segir Gunnar Sigurðsson, markaðsstjóri Isavia, en færst hefur í aukana að flugvélar á Keflavíkurflugvelli komi ekki upp að flugstöðinni heldur taki inn farþega úti á svokölluðum fjarstæðum.

Þetta þurfti að gera til að bregðast við fjölgun flugtaka og lendinga á Keflavíkurflugvelli en frá því í janúar á þessu ári til maí voru samtals 30.204 flugtök og lendingar skráð á vellinum. Þá hafa 2,2 milljónir farþega farið um völlinn á sama tímabili en það er þrjátíu prósenta fjölgun frá því í fyrra.

Suðurbygging Keflavíkurflugvallar var stækkuð og tekin í notkun á þessu ári og er sú bygging einungis með rútustæðum. Fara farþegarnir þaðan með rútu á fjarstæðin sem eru nú fimmtán talsins, mislangt frá flugstöðunni.

Nýlega voru þrjú ný fjarstæði tekin í notkun. „Þessi fjarstæði sem við vorum að byggja upp núna eru risastór og til að líkja þessu við eitthvað þá eru þau jafn stór og Smáralind ef horft er á grunnflötinn," segir Gunnar og bætir við að ódýrara og fljótlegra sé að byggja og notast við fjarstæðin heldur en að byggja stæði upp við flugstöðina og nota landgöngubrýr.

„Þannig getum við líka byggt hraðar upp til að bregðast við fjölgun á farþegum til landsins."

Þá segir Gunnar að fjölgun á fjarstæðum leiði til þess að það þurfi að fjölga rútum. Í dag eru tólf rútur í farþegaakstri og þrír strætisvagnar í leigu sem notaðir eru þegar þörf krefur vegna fjölda.





**Hér má sjá fjarstæði sem nýlega voru tekin í notkun.**

> **Þessi fjarstæði sem við vorum að byggja upp núna eru risastór og til viðlíkingar eru þau jafn stór og Smáralind ef horft er á grunnflötinn.**
>
> Gunnar Sigurðsson, markaðsstjóri Isavia

„Við erum að bregðast við því en þetta hefur samt gengið vel," segir Gunnar og bætir við að nú sé mikill vöxtur á álagstímum í Keflavík en Icelandair og WOW air eru að fjölga flugvélum og bæta við leiðum.

„Það er allavega ekki vandamál með landsvæði fyrir stæðin, það er nóg til af landi enda er Keflavík byggð á heiði." **nadine@frettabladid.is**



CITROËN

# HVAÐ Á C4 CACTUS SAMEIGINLEGT MEÐ KAKTUSUM?

CITROËN
C4
CACTUS

VERÐ FRÁ
**2.690.000 KR.**
STÓRGLÆSILEGUR
**300.000 KR.**
KAUPAUKI FYLGIR MEÐ Í TAKMARKAÐAN TÍMA

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ




INTERNATIONAL engine of the year awards 2015
Presented by engine technology international magazine

**Kaktusar** eru harðgerðir, lifa á nánast engu og verja sig á snjallan hátt. Það sama á við um Citroën C4 Cactus. Veldu hagnýta hönnun, sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag.

Citroën C4 Cactus er fáanlegur með BlueHdi dísilvél eða nýrri PureTech bensínvél sem nýverið hlaut eftirsótta titilinn vél ársins (International Engine of the Year). Báðar vélarnar sameina frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun.

Citroën C4 Cactus hefur slegið í gegn um allan heim. Glæsilegur kaupauki fylgir með tímabundið. Tryggðu þér eintak.

**Komdu í reynsluakstur**

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17. Opið á laugardögum frá og með 6. ágúst
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Skoða að sækja bætur til Reykjavíkurborgar

**DÓMSMÁL** „Við upplifum það oft að mannréttindi náist ekki fram nema í gegn um dómstóla,“ segir Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalagsins, en nýlega féll dómur Hæstaréttar í máli sem Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) rak fyrir konu gegn Reykjavíkurborg en henni hafði verið neitað um sérstakar húsaleigubætur vegna þess að hún leigir húsnæði af hússjóði ÖBÍ en ekki hjá Félagsbústöðum eða á almennum markaði.

Niðurstaðan var sú að borgin mætti ekki neita leigjendum Brynju – hússjóðs ÖBÍ um sérstakar húsaleigubætur. ÖBÍ skoðar nú að sækja frekari rétt til handa konunni fyrir dómstólum. „Svo vonum við auðvitað að það verði fordæmisgefandi fyrir fleiri í sömu stöðu,“ segir Ellen en í fyrra leigðu um 460 einstaklingar hjá hússjóði ÖBÍ.

> **ÖBÍ hefur barist fyrir því í sjö ár að reglum borgarinnar um bætur verði breytt.**

ÖBÍ hefur barist fyrir því í sjö ár að reglum borgarinnar um bæturnar verði breytt. Innanríkisráðuneytið komst að þeirri niðurstöðu árið 2010 að reglurnar væru til þess fallnar að mismuna fólki og beindi þeim tilmælum til Reykjavíkurborgar að breyta reglunum. Ellen segir að Öryrkjabandalagið hafi reynt að ná samningi við Reykjavíkurborg en það ekki gengið.

Ellen segir dóm Hæstaréttar fordæmisgefandi og að sveitarfélög verði að breyta reglum sínum í samræmi við hann. Akureyrarbær sé annað dæmi um sveitarfélag sem hafi neitað fólki um bæturnar á sama grundvelli.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að nú vinni starfshópur að því að skýra reglurnar og muni niðurstaða hans líklegast liggja fyrir í haust. Dómurinn muni hafa áhrif sem og ný lög um húsnæðisbætur.

Þá segir Dagur ástæðu þess að ekki hafi náðst samkomulag við ÖBÍ á sínum tíma vera að borgarlögmaður hafi talið rétt að fá niðurstöðu dómstóla varðandi málið. **nadine@frettabladid.is**



Ellen segir dóminn fordæmisgefandi.



Vigdís Hauksdóttir segist vera stolt af verkum sínum á Alþingi.

# Vigdís hættir á þingi í haust

**STJÓRNMÁL** Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, ætlar að hætta á þingi eftir næstu kosningar. Í tilkynningu segist hún hafa tekið þessa ákvörðun í samráði við sína nánustu. Hún segist stolt af verkum sínum á Alþingi þar sem hún hafi lagt allt undir fyrir land og þjóð. „Ég þakka framsóknarmönnum í Reykjavík og kjósendum mínum í Reykjavíkurkjördæmi suður fyrir stuðninginn. Einnig þakka ég mikinn og áþreifanlegan stuðning í starfi mínu frá fólki hvaðanæva af landinu og Íslendingum búsettum erlendis langt, langt út fyrir flokksraðir,“ segir Vigdís. Hún segir að stuðningurinn sé ómetanlegur og hafi drifið hana áfram í baráttunni fyrir land og þjóð. **- jhh**

# Ný rútustæði í miðbænum

**REYKJAVÍK** Verið er að merkja tólf rútustoppistöðvar í miðborginni og er það gert til að auðvelda ferðamönnum að komast í og úr hópferðabílum nú þegar takmarkanir hafa verið gerðar á akstri þeirra um íbúabyggð og þröngar götur. Þetta kemur fram á vef Reykjavíkurborgar. Þá segir að markmiðið með nýju stæðunum sé að vernda íbúabyggð fyrir óþarfa umferð en um leið auka þjónustu við rútufyrirtækin og gististaði innan þeirra svæða þar sem takmarkanir eru á akstri stórra bíla. **– ngy**

# Pólitískum metnaði fullnægt

**Skrautlegum ferli Nigels Farage er að ljúka. Segir pólitískum metnaði sínum fullnægt og að flokkur hans standi vel eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um Brexit. Eini þingmaður flokksins ætlar ekki í formannsframboð.**

**BRETLAND** Nigel Farage tilkynnti í gær að hann myndi hætta sem formaður Sjálfstæðisflokks Bretlands (UKIP). Í viðtali við BBC sagðist Farage ætla að hætta núna þar sem pólitískum metnaði hans hafði verið fullnægt auk þess sem flokkur hans stæði vel. Vísaði hann þar til þess að Bretar kusu að skilja sig frá Evrópusambandinu í þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir tveimur vikum, svokallað Brexit. Farage hafði sjálfur barist fyrir Brexit í um tuttugu ár. „Á meðan kosningabaráttan stóð sagðist ég vilja fá landið mitt til baka. Nú vil ég fá líf mitt til baka,“ sagði Farage í gær.

Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem Farage segir af sér formennsku en það hefur hann gert tvisvar áður. Hann var fyrst kosinn til formennsku árið 2006 og sinnti því embætti til 2009. Hann sneri aftur fyrir þingkosningar árið 2010 og sagði af sér eftir að hafa ekki náð inn á þing árið 2015. Þrátt fyrir að hafa fengið um þrettán prósent atkvæða fékk flokkur hans aðeins eitt þingsæti af 650. Á meðan fékk Skoski þjóðarflokkurinn (SNP) 4,7 prósent atkvæða en 56 þingsæti. Farage dró þó afsögn sína til baka fljótlega í það skiptið og sneri aftur til að berjast fyrir Brexit.

Farage hefur gegnt þingmennsku á Evrópuþinginu frá árinu 1999 en búist er við því að hann láti einnig af því embætti innan skamms þar sem Bretar hyggjast yfirgefa Evrópusambandið og munu því ekki eiga nein sæti á þingi þess. Skrautlegum ferli Farage í stjórnmálum virðist því vera að ljúka en hann útilokaði í gær að hann myndi snúa aftur í stjórnmál. Þó sagðist hann geta hugsað sér að sitja í samninganefnd Bretlands þegar samið verður um skilmála útgöngunnar.

Enginn meðlima UKIP greip gæsina í gær og lýsti yfir formannsframboði. Þá útilokaði eini þingmaður UKIP, Douglas Carswell, formannsframboð. „Líkurnar á því eru á milli þess að vera engar og núll,“ sagði Carswell við BBC en hann setti mynd af broskalli á Twitter um leið og Farage tilkynnti um áform sín. Ósætti hefur verið á milli Farage og Carswells undanfarið vegna þess hvernig flokknum hefur verið stýrt en þeir sammæltust þó í gær um að helsta sóknarfæri flokksins lægi í því að sækja í kjósendur Verkamannaflokksins. **thorgnyr@frettabladid.is**



Nigel Farage var kampakátur þegar ljóst varð að Bretar hefðu samþykkt Brexit. NORDICPHOTOS/AFP

> **Á meðan kosningabaráttan stóð sagðist ég vilja fá landið mitt til baka. Nú vil ég fá líf mitt til baka.**
>
> Nigel Farage, formaður UKIP

## Leadsom ætlar í formanninn

Orkumálaráðherrann Angela Leadsom lýsti í gær yfir framboði sínu til formanns Íhaldsflokksins. Leadsom, sem barðist fyrir Brexit, sagði þjóðaratkvæðagreiðsluna stórmerkilega stund í heimssögunni. „Mögulega sú stærsta síðan Berlínarmúrinn féll,“ sagði Leadsom.

Hún lofaði því að ef hún næði kjöri myndi hún samstundis virkja fimmtugustu grein Lissabonsáttmálans og þar með hefja aðskilnaðarferlið. Næsti formaður flokksins mun jafnframt taka við forsætisráðherraembættinu af David Cameron. Þá sagðist hún ekki myndu vísa neinum með vegabréf frá löndum innan Evrópusambandsins úr landi. Þeir sem væru með atvinnu í Bretlandi mættu búa þar áfram.



Innanríkisráðherrann Theresa May nýtur nú mests stuðnings innan þingflokks Íhaldsmanna. 110 þingmenn styðja hana. Þá styður 31 þingmaður dómsmálaráðherrann Michael Gove og þrjátíu styðja Leadsom.




Sumarilmur

# Fangaðu sumarilminn

**Á sumrin taka skilningarvitin við sér. Fuglasöngur ómar, gras grænkar og ljúfur sumarilmur boðar komu þessarar notalegu árstíðar. Samspil landbúnaðar og ferðaþjónustu skapar verðmæti sem aldrei fyrr og hafa þessar atvinnugreinar mjög jákvæð áhrif hvor á aðra.**

Í tilefni þess hafa ferðaþjónustan og landbúnaðurinn tekið höndum saman og sett af stað leik sem fagnar sumarilminum í sínum ólíku myndum. Festu þína sumarstemmningu á mynd sem sýnir samspil landbúnaðar og ferðamennsku og merktu hana með **#sumarilmur** á Instagram eða Facebook. Myndirnar birtast á sumarilmur.is og í hverri viku verður sú mynd valin sem best þykir sýna anda sumarsins, íslensku sveitirnar og ferðalög innanlands.

Sá sem á mynd vikunnar fær glæsileg verðlaun en á meðal vinninga eru gisting og afþreying innanlands og alls kyns upplifun tengd mat og öðru sumarlegu.

**Heildarandvirði verðlaunanna er hátt í 3 milljónir svo það er til mikils að vinna.** Vinningshafar verða kynntir á Rás 2 og þeir fengnir til að segja frá sögunni á bakvið myndina.







**sumarilmur.is** **#sumarilmur**



Það var þjóðhátíðarstemming í miðborginni í gær. Ungir sem aldnir glöddust yfir árangrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Strákarnir eru komnir heim

Tugir þúsunda komu saman í miðbænum til að fagna íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu í gærkvöldi. Ferðalok voru við Arnarhól þar sem bæði landsliðið og mannfjöldinn þakkaði fyrir sig.




Gleði skein úr hverju andliti þegar ekið var með landsliðið niður Bankastrætið.



Það var þétt setið við Arnarhól í gær og einhverjir brugðu á það ráð að klifra upp á styttuna af Ingólfi Arnarsyni til að sjá yfir mannhafið.



Arnór Yngvi Traustason, sem skoraði sigurmarkið gegn Austurríki, stilli sér upp fyrir myndatöku með ungum aðdáanda.

*Nú er **SYNC II** samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu, **8" snertiskjá** og **íslenskt leiðsögukerfi** einnig hluti af ríkulegum staðalbúnaði*




# NÝR FORD FOCUS

› Hinn sívinsæli Ford Focus er þekktur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri.

Staðalbúnaður Ford Focus er nú enn glæsilegri en áður. Má þar nefna SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringinu í 112, íslenskt leiðsögukerfi og 8" snertiskjá.

Ford Focus kemur á 16" álfelgum og er þar að auki búinn Ford MyKey búnaði, upphitanlegri framrúðu, aksturstölvu, leðurklæddu stýrishjóli, loftkælingu, spólvörn, brekkuaðstoð og Ford Easy Fuel® búnaði.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Focus - komdu og prófaðu**

## FORD **FOCUS**

BEINSKIPTUR
FRÁ **3.350.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **3.550.000** KR.

FÁANLEGUR STATION FRÁ 3.510.000 KR.

Ford

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
Opið á laugardögum frá og með 6. ágúst

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína og endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Ford Focus er búinn margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð. ◆ Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. $CO_2$ losun 108/125 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## Fyrir mig og mína



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Eigingirni og sjálfselska eru dapurlegar kenndir sem búa í okkur flestum og birtast í ýmsum myndum. Öll höfum við staðið okkur að því að láta eigin hag og hentugleika ganga fyrir hagsmunum annarra með einum eða öðrum hætti og vonandi höfum við í framhaldinu kunnað að skammast okkar og sett okkur hærri markmið.

En nú ber svo eymdarlega við að stofnaður hefur verið sérstakur stjórnmálaflokkur á Íslandi sem gerir út á þessa lágkúrulegu hvöt okkar. Gerir út á þá ankannalegu hugmynd að við sem þjóð, menning okkar og lífshættir, séu á einhvern hátt betri eða rétthærri en annarra sem þar af leiðandi eigi ekki að fá að njóta þess sem Ísland hefur að bjóða. Að við eigum Ísland og það sé því aðeins fyrir okkur sem hér erum borin og barnfædd ásamt kannski þeim sem eru okkur þóknanlegir. Þeim sem eru til í að vera eins og við.

Íslenska þjóðfylkingin hélt aðalfund sinn í liðinni viku og tilkynnti í framhaldi um þá fyrirætlan flokksins að bjóða fram lista í öllum kjördæmum í komandi alþingiskosningum. Helgi Helgason, formaður flokksins, tíundaði einnig helstu stefnumál, s.s. að herða innflytjendalöggjöf, banna íslam, vinna gegn fjölmenningu, bæta hag aldraðra og öryrkja og hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni svo sitthvað sé tíundað. Sé stefna flokksins skoðuð í heild sinni leynir sér ekki að hann dregur dám af vaxandi þjóðernishyggju á Vesturlöndum sem víða hefur fylgt hatursorðræða og athafnir sem engu samfélagi getur verið sómi að. Orðræða og athafnir sem hafa í gegnum tíðina leitt af sér kvalræði og hörmungar víða um heim og ættu að vera hverju einasta samfélagi víti til varnaðar.

Það er margt gott og fallegt við íslenskt samfélag og menningu. Margt sem er sjálfsagt að hlúa vel að og leggja rækt við um ókomna tíð og líka margt sem betur má fara. Um það geta stjórnmálin tekist á og það vonandi af skynsemi og með mannúð að leiðarljósi. En að einangra bæði þjóðina og menningu hennar með útilokunum, höfnun á stöðu okkar sem þjóð á meðal þjóða og öllum þeim hætti sem Íslenska þjóðfylkingin virðist ætla sér getur einungis orðið til tjóns.

Engin þjóð er í eðli sínu annarri fremri, ekkert mannslíf öðru meira virði og engin menning er sjálfsprottin. Það er því á ábyrgð allra íslenskra stjórnmálaafla að sporna af öllu afli við þeim fordómum og þeirri skaðvænlegu þjóðernishyggju sem birtist kinnroðalaust í stefnu Íslenska þjóðernisflokksins. Þau íslensk stjórnmálaöfl sem þegar hafa með ýmsum hætti daðrað við hugmyndir á borð við þær sem birtast í stefnu Íslensku þjóðfylkingarinnar þurfa að hafa í sér dug til þess að hafna þessum ósóma með afdráttarlausum hætti. Hafna því að eigingirni, sjálfselska og fordómar séu málsmetandi afl í íslenskum stjórnmálum svo enginn þurfi að óttast að viðlíka hugmyndir verði að vondum veruleika. Hvorki nú í haust né nokkurn tíma á meðan mennskan á sér hið minnsta athvarf á Íslandi.

**Engin þjóð er í eðli sínu annarri fremri, ekkert mannslíf öðru meira virði og engin menning er sjálfsprottin.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Óvænt tíðindi**

Vigdís Hauksdóttir ætlar ekki að gefa kost á sér til Alþingis við næstu kosningar. Tíðindin komu eins og þruma úr heiðskíru lofti. Á kjörtímabilinu hefur ítrekað verið horft fram hjá Vigdísi þegar kemur að ráðherrastólum. Fyrst þegar ríkisstjórnin var mynduð, næst þegar ráðherrum var fjölgað og Sigrún Magnúsdóttir varð umhverfisráðherra og nú síðast í kjölfar skattaskjólshneykslis formannsins þegar Lilja Alfreðsdóttir var gerð að utanríkisráðherra. Það á eftir að koma í ljós hvort Vigdís sé alfarið hætt í stjórnmálum eða hvort þetta sé bara byrjunin og hennar tími muni koma, jafnvel í nýjum flokki lengra til hægri.

**Vondur mórall**

Fleiri þingmenn eru á útleið. Helgi Hrafn Gunnarsson, Ögmundur Jónasson, Katrín Júlíusdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Sigrún Magnúsdóttir, Brynhildur Pétursdóttir, Páll Jóhann Pálsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Róbert Marshall, Kristján Möller, Hanna Birna Kristjánsdóttir og Frosti Sigurjónsson ætla öll að hætta á þingi. Þegar að minnsta kosti 20% starfsmanna á vinnustað segja upp í einu vetfangi er ljóst að vandi er á höndum. Spurning hvort Alþingi verði enn ein stofnunin til að kalla til vinnustaðasálfræðing eða hvort sérfræðingur í hópefli gæti hjálpað þinginu að rétta úr kútnum. Formlegt starfsheiti: Mannauðsstjóri lýðveldisins. snaeros@frettabladid.is

## Fleiri þurfa leiðréttingu



Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Kjararáð ákvað í júní að hækka laun ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra ráðuneyta um tugi prósenta. Rökin fyrir þeirri hækkun voru þau að álag í starfi þessa fámenna hóps hálaunafólks hafi aukist verulega. Engin ástæða er til að rengja að svo sé, en rétt að benda á að það sama á við um fjölmarga aðra hópa sem hljóta nú að krefjast sambærilegrar leiðréttingar.

Kröfur um leiðréttingu á launum vegna aukins álags hafa hingað til átt lítinn hljómgrunn meðal hins opinbera eða vinnuveitenda á almenna markaðinum. Félag íslenskra flugumferðarstjóra benti til að mynda ítrekað á aukið álag á þeirra félagsmenn í kjaraviðræðum við Isavia. Enginn áhugi var á að bregðast við auknu álagi þar með því að hækka laun. Þess í stað settu stjórnvöld lög á hóflegar aðgerðir sem félagið hafði staðið fyrir til að leggja áherslu á kröfur sínar.

Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum yfir stéttir sem upplifað hafa verulega aukið álag í starfi á undanförnum árum. Nú þegar kjararáð hefur sett fordæmi um tuga prósenta launahækkanir vegna aukins álags í starfi er ljóst hverjar kröfur þeirra hópa verða.

Það verður auðvitað ekki látið líðast að venjulegt launafólk eigi enn og aftur að bera ábyrgð á því að viðhalda stöðugleika á meðan aðrir fá ríflegar launahækkanir.

**Það verður auðvitað ekki látið líðast að venjulegt launafólk eigi enn og aftur að bera ábyrgð á því að viðhalda stöðugleika á meðan aðrir fá ríflegar launahækkanir.**

**Fagna breytingum fjármálaráðherra**

Það er fagnaðarefni að fjármálaráðherra boði verulegar breytingar á kjararáði og að hundruð starfsmanna sem nú heyri undir ráðið eigi á ný að fá samningsrétt.

BSRB telur löngu tímabært að fækka þeim verulega sem heyra undir kjararáð, sem ákveður einhliða kjör allt of margra starfsmanna. Það er grundvallarréttur launafólks að semja um kaup og kjör og óþolandi að búa við að kjararáð skammti þeim kaup og kjör eftir hentugleika.

En það sama á auðvitað við um gerðardóm sem nú mun ákvarða laun flugumferðarstjóra í kjölfar lagasetningar stjórnvalda. Það er jafn óþolandi að rétturinn til að semja um kaup og kjör sé tekinn af heilu stéttunum með slíkri lagasetningu í boði stjórnvalda.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Um háskólamenntun í tónlist – alþjóðleg samvinna



**Þóra Einarsdóttir**
söngkona og aðjúnkt við Tónlistardeild LHÍ

Framhaldsmenntun í tónlist hefur verið í deiglunni að undanförnu. Af því tilefni langar mig að ræða stöðu mála í menntun á háskólastigi á Íslandi þ.e. innan tónlistardeildar Listaháskóla Íslands, LHÍ. Nokkuð hefur verið rætt um fjárskort og aðstöðuleysi en hér er ætlunin að fjalla í nokkrum greinum um þá uppbygginguna og framþróun náms sem á sér stað innan LHÍ.

Á síðustu árum hefur LHÍ leikið lykilhlutverk í þróun meistaranáms í tónlist undir heitinu New Audiences and Innovative Practice, NAIP, í samvinnu við erlenda tónlistarháskóla. Ég hef tekið þátt í þessari námsþróun sem að mínu mati er með því merkasta sem á sér stað í tónlistarmenntun á háskólastigi á Íslandi.

Í niðurstöðum nýlega útgefinnar langtímarannsóknar frá Tónlistarháskólanum í Vínarborg (Universität für Musik und darstellende Kunst Wien) er m.a. bent á að NAIP-meistaranámið gagnist nemendum vel að námi loknu. Í niðurstöðum er jafnframt bent á að þær áherslur sem sé að finna í NAIP-meistaranáminu séu æskilegar í öllu tónlistarnámi á háskólastigi.

Kennarar LHÍ hafa unnið með mörgum helstu sérfræðingum Evrópu á sviði tónlistarmenntunar á háskólastigi (e. Higher Music Education) að þessari námsþróun og hefur sú þekking og reynsla haft áhrif á aðrar námsbrautir í LHÍ.

**Á síðustu árum hefur LHÍ leikið lykilhlutverk í þróun meistaranáms í tónlist undir heitinu New Audiences and Innovative Practice, NAIP, í samvinnu við erlenda tónlistarháskóla.**

### Lofsamleg umsögn

Nýverið hlaut nýtt verkefni um áframhaldandi þróun NAIP-meistaranámsins 270.090 evrur í styrk frá ERASMUS+ eða rúmlega 37 milljónir króna. Styrkveitingunni fylgir lofsamleg umsögn óháðra sérfræðinga sem veittu umsókninni 91 stig af 100 mögulegum. Listaháskóli Íslands stýrir verkefninu. Þátttakendur auk tónlistar- og sviðslistadeildar LHÍ eru: Guildhall School of Music & Drama London, Stockholms konstnärliga högskola, Universität für Musik und Darstellende Kunst Wien, Koninklijk Conservatorium Den Haag, Prins Claus Conservatory of Music & Academia Minerva Groningen og Yong Siew Toh Conservatory of Music Singapore. Einnig taka Íslenska óperan og evrópsk samtök tónlistarskóla, AEC, þátt sem samstarfsaðilar úr atvinnulífinu.

Markmið verkefnisins er að þróa námsumhverfi lista á háskólastigi í gegnum þverfaglega vinnu milli tónlistar og sviðslista. Áhersla verður lögð á að efla áræði og dug nemenda til að gerast leiðtogar á sínu sviði, nálgast nýja áheyrendur og þróa nýjar aðferðir í sköpun og flutningi, í gegnum einstaklingsmiðað nám með áherslu á þverfagleg samstarfsverkefni.

Mikilvægt er að háskólastofnanir tengist atvinnulífi og samfélagi. LHÍ vinnur í samstarfi við fjölda listastofnana, tónlistarhátíða, skóla og annarra stofnana. Til dæmis má nefna Tectonics, Iceland Airways, Myrka Músíkdaga, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku óperuna og Listvinafélag Hallgrímskirkju en nemendur á öllum námsstigum skólans hafa komið fram á tónleikum í samstarfi við þessar stofnanir. Einnig hafa meistaranemar í NAIP og í listkennslu unnið með fjölda skólabarna sem og með fjölbreyttum hópum s.s. fólki með fötlun, fólki án atvinnu og fólki með heilabilun. Þannig hefur LHÍ leitast við að tengjast samfélaginu, starfa í samstarfi við heilbrigðisstarfsfólk, skóla og aðrar stofnanir, miðla og hvetja til tónsköpunar á fjölbreyttan hátt.

Styrkveiting ERASMUS+ er mikilvæg viðurkenning á starfi LHÍ á sviði tónlistar og sviðslista.

# Íslenskt siðferði – ein myndin enn



**Birgir Guðjónsson**
sérfr. í lyflækningum og meltingarsjúkdómum. MACP, FRCP, AGAF. Fv. assistant professor við Yale School of Medicine.

Læknisfræðin á að heita að vera í sífelldri framför með nýjum rannsóknaraðferðum, lyfjum, þræðingum, speglunum og skurðaðgerðum til að bæta eða lækna sjúkdóma. Þær standast ekki allar tímans tönn.

Læknar kalla yfir sig hetjuljóma þegar eitthvað nýtt heppnast en minna þegar illa fer eða þegar djarflegar ákvarðanir eru teknar um að beita ekki nýjum aðferðum vegna áhættu, vonlausra horfa, og viðurkenna þarf að lofaðar nýjungar hafa ekki reynst vel.

Forystumenn eru yfirleitt leiðandi á sínu sviði, ráðgjafar stjórnvalda, fulltrúar út á við og meðmælendur ungra lækna til sérnáms erlendis.

Sú „nýjung“ sem hvað mesta athygli vakti og í hvers sviðljósi læknar m.a. íslenskir böðuðu sig í var plastbarkaígræðsla sem reyndist einhver mestu afglöp svokallaðra framfara. Aðgerðin var gerð undir forystu ítalsks læknis á Karólínska sjúkrahúsinu, einhverri virtustu heilbrigðisstofnun Evrópu, jafnvel heimsins, án nokkurra fyrri dýratilrauna né formlegrar viðurkenningar vísinda- og siðanefnda. Grein um afrekið var birt í einu áhrifamesta læknatímariti í heiminum og gagnrýnendur segja nú fara með rangfærslur. Karólínska stofnunin telur þetta vera mikla hneisu og hafa skaðað álit sitt og kappkostar að reyna að endurreisa orðstír sinn.

Fjölmargir forystumenn í sænskri læknisfræði svo sem formaður Nóbelsnefndarinnar og rektor Karólínska hafa sagt af sér. Lögreglan rannsakar starf ítalska læknisins í nokkrum löndum.

Nokkrir íslenskir læknar í áhrifastöðum hérlendis og erlendis voru lykilmenn í þessu athæfi og hafa sagt skilmerkilega frá sinni þátttöku og stjórnun. Hátíðarsamkoma var haldin í Háskóla Íslands þeim til heiðurs. Þeir sitja enn sem fastast í sínum ráðgjafastöðum um sjúkrahús- og heilbrigðismál og láta ljós sitt skína.

Er þetta dæmigert fyrir ábyrgð og siðferði í Háskóla Íslands, sjúkrahúsi og heilbrigðiskerfinu.




**Volkswagen GOLF GTE** er tvíorkubíll sem gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni. Raforkan kemur þér allt að 50 kílómetra og með sparneytnu bensínvélinni er drægnin yfir 900 kílómetrar. Hann er umhverfisvænn og með framúrskarandi akstурseiginleika. Komdu í rafmagnaðan reynsluakstur og leyfðu þér að falla fyrir honum!

**Verð frá:**
**4.290.000 kr.**

**Volkswagen**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði





Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
590 2000

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Lokað á laugardögum í júlí
Verið velkomin í reynsluakstur





**ADAM:**
Veisluverð frá 2.590.000 kr.





**CORSA:**
Veisluverð frá 2.090.000 kr.





ASTRA:
Veisluverð frá 2.890.000 kr.


INSIGNIA:
Veisluverð frá 4.390.000 kr.


MOKKA:
Veisluverð frá 4.190.000 kr.


ZAFIRA:
Veisluverð frá 3.990.000 kr.

OPEL Á ÍSLANDI
Kynntu þér Opel fjölskylduna á benni.is | opel.is

## Strákunum okkar fagnað sem hetjum á Arnarhóli



**Þakklæti** Íslenska landsliðið í fótbolta, leikmenn og starfsfólk fékk höfðinglegar móttökur við komuna til Íslands í gær. Fjöldi fólks kom saman á Arnarhóli til að hylla strákana okkar sem gerðu gott mót á EM í Frakklandi. Íslensku leikmennirnir þökkuðu sömuleiðis fyrir þann mikla stuðning sem þeir fengu á EM, bæði hjá þeim sem sóttu leikina í Frakklandi og þeim sem fylgdust með heima á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Það er allt of gott veður

**Evrópumót kvennalandsliða í golfi hefst á Urriðavelli í dag. Þetta er stærsta alþjóðlega golfmót sem hefur verið haldið á Íslandi. Landsliðsþjálfarinn, Úlfar Jónsson, setur markið hátt fyrir mótið stóra.**

**GOLF** „Það er mikill heiður að Ísland fái að halda Evrópumót landsliða. Hér eru allir fremstu áhugakylfingar álfunnar mættir til þess að spila. Hérna eru allir atvinnumenn framtíðarinnar,“ segir landsliðsþjálfarinn Úlfar Jónsson en mótið var formlega sett í gærkvöld og byrjað var að spila í dag.

Alls eru 20 þjóðir mættar til Íslands vegna mótsins. Keppnisfyrirkomulagið á EM er með þeim hætti að leiknar eru 36 holur fyrstu tvo keppnisdagana og telja fimm bestu skor af alls sex í hverri umferð.

Þjóðunum er að því loknu skipt upp í A-, B- og C-riðil þar sem leikin er holukeppni. Í A-riðli leika þjóðirnar sem enduðu í 1.-8. sæti í höggleiknum, í B-riðli leika þjóðirnar í sætum 9.-16. og í C-riðli leika þjóðirnar sem eru þar fyrir neðan.



**Íslenska kvennalandsliðið. Frá vinstri: Ragnhildur Kristinsdóttir, Anna Sólveig Snorradóttir, Sunna Víðisdóttir, Berglind Björnsdóttir, Guðrún Brá Björgvinsdóttir og Signý Árnórsdóttir.** MYND/GSÍ

### Renna blint í sjóinn

Landsliðsþjálfarinn segir að vissulega renni hann nokkuð blint í sjóinn með styrkleikann á liðunum en engu að síður setur liðið markið hátt.

„Það er alltaf erfitt að segja hvað sé raunhæft. Við höfum samt undirbúið okkur vel og liðið lítur vel út. Við erum ánægðir með stelpurnar sem eru í mjög góðum gír. Ef við spilum samkvæmt getu þá eigum við ágæta möguleika á því að komast í A-riðil. Markmiðið er að sjálfsögðu sett þangað,“ segir Úlfar og hann vonast til þess að heimavöllurinn hjálpi þó svo aðeins sé búið að breyta vellinum.

„Það er helst að veðrið er ekki að hjálpa okkur. Það er allt of gott veður,“ segir Úlfar og hlær við. „Það er leikið á öðrum teigum en stelpurnar eru vanar. Völlurinn hefur verið lengdur og er um 500 metrum lengri. Má segja að það sé leikið af gulum teigum. Það er nýtt fyrir þær en við höfum náð að undirbúa okkur vel þannig að ég held að við höfum ákveðið forskot þar. Ef þær halda sínu striki og leika sitt golf getur ýmislegt gott gerst.“

Undirbúningur fyrir mótið hefur gengið vel að sögn Úlfars og liðið náð talsvert að spila saman.

„Það er búið að vera mikið að gera undanfarnar vikur hjá stelpunum. Það hefur verið sveitakeppni, Íslandsmót í holukeppni og fleira. Það hefur mætt mikið á stelpunum. Undirbúningurinn hjá okkur hófst í maí og fram í júní. Upp á síðkastið höfum við aftur verið að æfa saman. Fara yfir völlinn og búa til leikskipulag,“ segir þjálfarinn og bætir við að það sé mjög góður mórall í liðinu.

„Þær eru alltaf að keppa við hverja aðra og þekkjast mjög vel þessar stelpur. Þetta er virkilega flottur hópur sem gaman er að vinna með. Við höfum verið að hittast á vellinum og borða svo saman.“

### Flottar fyrirmyndar

Það er mikil gróska í íslensku kvennagolfi og íslenskir kvenkylfingar sífellt að ná betri árangri. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir er til að mynda að taka þátt á Evrópumótaröðinni.

„Svo er Valdís Þóra Jónsdóttir í næstu mótaröð fyrir neðan. Þær eru flottar fyrirmyndir fyrir hinar stelpurnar. Sýna að þetta sé hægt. Það er búið að ryðja brautina. Það eru ungar og flottar stelpur að koma upp. Við erum með U-18 ára lið í Ósló þar sem þær fá flotta reynslu. Þar eru líka mikil efni og yngsta stelpan í liðinu þar er bara 14 ára,“ segir Úlfar en hann gleðst líka yfir því að breiddin sé sífellt að verða meiri.

„Það eru miklir möguleikar fyrir stelpur sem vilja leggja á sig af fullum krafti. Það eru tækifæri fyrir þær. Að komast í landsliðið eða í góðan háskóla í Bandaríkjunum.“

Umgjörðin í kringum golfíþróttina á Íslandi hefur batnað mikið á síðustu árum og það á stóran þátt í því hversu vel gengur að framleiða efnilega kylfinga.

„Það hefur mikið breyst og til að mynda í þjálfun þjálfara. Það eru miklu fleiri þjálfarar PGA-menntaðir í dag en voru. Svo hefur æfingaaðstaðan batnað og æfingarnar hafa líka aukist. Á síðustu tíu árum er algengt að boðið sé upp á æfingar í að minnsta kosti tíu mánuði á ári. Það er meira en til að mynda á Norðurlöndunum. Við erum því mjög framarlega í þjálfun okkar barna og unglinga sem og afreksfólks. Umgjörðin er til staðar og það er mikill metnaður í golfhreyfingunni.“ henry@frettabladid.is

**Borgunarbikar karla**

**8 liða úrslit**

**Þróttur- FH 0-3**
0-1 Þórarinn Ingi Valdimarsson (21.), 0-2 Þórarinn Ingi (48.), 0-3 Kristján Flóki Finnbogason (54.).

**Borgunarbikar kvenna**

**8 liða úrslit**

**ÍBV- Selfoss 5-0**
1-0 Rebekah Bass (24.), 2-0 Cloe Lacasse (41.), 3-0 Lacesse (45.), 4-0 Lacesse (56.), 5-0 Sigríður Lára Garðarsdóttir, víti (80.).

**Þór/KA - Fylkir 1-0**
1-0 Sandra Stephany Maria Gutiérrez (13.).

**Falleg stund á Arnarhóli. #takkstrákar #TakkLars #TakkHeimir Algjörlega magnaðir allir með tölu. Takk fyrir mig.**
Hörður Magnússon
**@HoddiMagnusson**

MEISTARARNIR BÆTA VIÐ SIG
Englandsmeistarar Leicester ætla ekki að gefa neitt eftir á næsta tímabili en þeir hafa verið duglegir að styrkja sig í sumar. Leicester er nú komið langt með að tryggja sér þjónustu nígeríska framherjans Ahmed Musa sem hefur leikið með CSKA Moskvu undanfarin ár. Talið er að Leicester greiði 16,6 milljónir punda fyrir Musa sem verður þá dýrasti leikmaður í sögu félagsins. Musa skoraði 53 mörk í 164 leikjum fyrir CSKA Moskvu en hann varð þrisvar rússneskur meistari með liðinu.

DURANT VALDI GOLDEN STATE
Kevin Durant, einn allra besti leikmaður NBA-deildarinnar undanfarin ár, greindi frá því í gær að hann væri á leið til Golden State Warriors frá Oklahoma City Thunder. Durant, sem hefur fjórum sinnum orðið stigakóngur í NBA, var samningslaus og því frjálst að semja við hvaða lið sem er í NBA. Fjölmörg kepptust um að tryggja sér þjónustu Durants sem valdi að lokum Golden State sem tapaði fyrir Cleveland Cavaliers í úrslitum NBA í síðasta mánuði. Lið Golden State virkar ansi óárennilegt en þar hittir Durant fyrir skytturnar öflugu Stephen Curry og Klay Thompson auk Draymons Green. Talið er að Durant, sem var valinn verðmætasti leikmaður NBA-deildarinnar 2014, skrifi undir tveggja ára samning við Golden State að verðmæti 54,3 milljónir dollara.




## Í dag

**22.00** **Borgunarmörkin**

**Borgunarbikar karla:**
**19.15** **Fram - Selfoss**

**Borgunarbikar kvenna:**
**19.15** **Breiðablik - HK/Víkingur**
**19.15** **Stjarnan - Haukar**

# MINNI HRUKKUR OG FRÍSKLEGRI HÚÐ

**Artasan kynnir** Collagen Beauty Formula frá Natures Aid styður við náttúrulega kollagen-framleiðslu húðarinnar og er einnig talið gott fyrir hár, neglur og liði en önnur innihaldsefni eru sérvalin með það í huga.

Kollagen er eitt aðaluppbyggingarprótein líkamans og það er að finna í öllum liðum, liðamótum, sinum og beinum ásamt því að það er stór partur af húð, hári og nöglum. Kollagen eru trefjar sem eru mjög sterkar en orðið kollagen er komið úr grísku þar sem kolla þýðir lím. Því er oft talað um kollagen sem límið í líkamanum. Kollagenið sér því fyrst og fremst um að vefir líkamans haldist sterkir.

### KOLLAGEN TRYGGIR TEYGJANLEIKA HÚÐARINNAR

Húðin okkar er gerð úr þremur lögum og er það miðlagið (dermis) sem sér um teygjanleika hennar. Þessi teygjanleiki er tilkominn vegna prótínþráða sem heita elastín en það ásamt kollagen trefjum, á mestan þátt í að viðhalda unglegri og frísklegri húð og koma í veg fyrir hrukkur.

### HRUKKUR EFTIR 25 ÁRA ALDUR

Um 25 ára aldurinn fer að hægjast verulega á framleiðslu kollagens í mannfólkinu eða um 1,5 prósent að meðaltali á ári. Þegar framleiðslan minnkar, byrja vefir líkamans að veikjast og það fer að bera á ýmsum öldrunareinkennum. Við verðum aðeins stirðari og við finnum fyrir verkjum í liðum og liðamótum. Áhrifanna gætir einnig í húðinni því minna kollagen þýðir minni teygjanleiki og það fara að myndast fínar línur og síðar hrukkur í húðinni.

> Rannsóknir hafa sýnt fram á að með inntöku á kollagen próteini er hægt að hjálpa líkamanum að vinna á móti minnkandi framleiðslu efnisins og þar með draga verulega úr hrukkumyndun.

Þó er ekki ástæða til að örvænta því rannsóknir hafa sýnt fram á að með inntöku á kollagenpróteini er hægt að hjálpa líkamanum að vinna á móti minnkandi framleiðslu efnisins og þar með draga verulega úr hrukkumyndun*.

*http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/23949208*






**3**
**MÁNAÐA SKAMMTUR - GOTT VERÐ**

**Collagen Beauty Formula inniheldur:**

- Kollagen
- C-vítamín
- B2-vítamín
- B3-vítamín
- Bíótín
- Sink
- Kopar

### HEILBRIGÐ OG UNGLEG HÚÐ

Collagen Beauty Formula er fullkomin blanda fyrir húðina okkar en í hverjum skammti eru 500 mg af hydrolýseruðu marine II kollageni ásamt sérvöldum bætiefnum sem hjálpa til við að viðhalda heilbrigðri og unglegri húð.

### LIÐIR, SINAR OG BEIN

Kollagen er að finna í öllum vefjum líkamans og gerir þá sterkari. Inntaka á kollageni er ekki bara til hagsbóta fyrir húðina okkar, heldur getur það haft góð áhrif á liði, sinar og bein.

### 3 MÁNAÐA SKAMMTUR!

Það sem fáir vita er að í einu glasi af Collageni Beauty Formula frá Natures Aid er þriggja mánaða skammtur og verðið því ótrúlega hagstætt. Einungis eitt hylki á dag.

**Sölustaðir:** **Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana**


# ALLTAF VIÐ HÖNDINA

**Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu**

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store | Google Play | Microsoft




FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

# STEFNIR Á HEIMSMEISTARAMÓT

Keppnin Sterkasti fatlaði maður Íslands var haldin í Víkingaþorpinu í Hafnarfirði á dögunum. **Leifur Leifsson** sigraði í flokki sitjandi keppenda og vann sér inn keppnisrétt á heimsmeistaramóti sem haldið verður í Manchester í ágúst.



Leifur tekur á því í ræktinni en hann æfir í Crossfit Reykjavík. MYND/EYÞÓR

Leifur sigraði í þremur af fimm greinum í keppninni. „Það voru drumbalyfta, öxullyfta og Herkúlesarhaldið sem var fjandi vont,“ segir Leifur glettinn. „En ég lenti í vandræðum í tveimur greinum, annars vegar í trukkadrættinum þar sem tæknin brást mér og hins vegar í Atlassteinalyftunni.“

Með sigri í sínum flokki vann Leifur sér inn keppnisrétt á heimsmeistaramótið. „Ég held að þetta verði fyrsta Strongman-heimsmeistarakeppni fatlaðra,“ segir Leifur sem stefnir ótrauður á að keppa á mótinu sem haldið verður í Manchester á Englandi þann 14. ágúst næstkomandi. Hann segir um níu manns skráða í sínum flokki en keppendur komi meðal annars frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Kanada og Ungverjalandi.

En hvenær vaknaði áhugi hans á kraftaþjálfun? „Fyrir um fjórum árum datt mér í hug að fara á handafli upp á Hvannadalshnjúk og fór þá markvisst að einbeita mér að hreyfingu. Ég gerði þrjár tilraunir en komst aldrei, meðal annars vegna eldgoss,“ segir hann og brosir. Hins vegar hefur hann tvisvar farið upp á Snæfellsjökul á handaflinu einu. „Þá notaði ég sérútbúinn sleða á skíðum. Akkeri er fast við sleðann sem síðan er farið með nokkur hundruð metra upp fjallið og fest þar. Síðan hífi ég mig upp á reipi,“ lýsir Leifur en bætir við að fyrir utan heilmikið puð og erfiði þurfi hann nokkurn mannskap með sér í slíkan gjörning.

Þegar Leifur byrjaði að æfa fyrir fjórum árum stundaði hann nokkuð hefðbundna líkamsrækt. „Síðan ákvað ég að skella mér í Crossfit Reykjavík. Þar var tekið alveg rosalega vel á móti mér þannig að ég hef haldið mig þar,“ segir hann glaðlega.

Hann segist stunda nokkuð fjölbreyttar æfingar. „Ég er mikið í róðrarvél og svo tek ég alltaf þátt í tímunum. Æfingarnar eru bara lagaðar að mér. Ég get því tekið þátt í því sem allir aðrir eru að gera,“ segir Leifur sem breytti þó aðeins út af æfingaplaninu fyrir kraftakeppnina. „Þá var ég meira í þungum lyftingum.“

Leifur fæddist með hreyfihömlun, CP, sem kemur í ljós á fyrstu æviárum, er varanleg, en versnar ekki. Hann hefur ekki látið fötlun sína aftra sér frá því að gera alla þá hluti sem honum finnst skemmtilegir. Hann starfar nú sem þjónustufulltrúi í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar.

> Ég er mikið í róðrarvél og svo tek ég alltaf þátt í tímunum. Æfingarnar eru bara lagaðar að mér. Ég get því tekið þátt í því sem allir aðrir eru að gera.
>
> Leifur Leifsson

En hverjir eru möguleikar hans á heimsmeistaramótinu? „Það er erfitt að dæma. Mér finnst nauðsynlegt að prófa þetta og vita þá á hvað maður á að fókusera fyrir næsta ár. Þetta fer allt saman í reynslubankann,“ segir Leifur sem æfir nú af kappi og leitar að styrktaraðilum fyrir ferðina.

solveig@365.is




Herkúlesarhaldið er erfið keppnisgrein. Hér reynir Leifur sig við tvær þungar tunnur. MYND/KJÓARNIR.IS

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429






# BÍLAR

5. júlí 2016





Bíll Chalmers sem sigraði í Bretlandi árið 2012.

# SIGURÐUR Í FORMULA STUDENT KEPPNINNI

## Sótti um í Chalmers-skólanum í Svíþjóð nær eingöngu vegna keppninnar. Keppnin sjálf hefst 14. júlí.

Sigurður Svavar Indriðason er í liði Chalmers-skólans í Svíþjóð í Formula Student keppninni og vinnur þar að smíði keppnisbíls liðsins. Sigurður ákvað að sækja um í Chalmers nánast eingöngu vegna Chalmers Formula Student, þar sem það lið hefur verið meðal 10 bestu liða undanfarin ár og sigraði til dæmis í Bretlandi árið 2012. Til þess að komast í liðið þurfti hins vegar að standast inntökupróf og krefjandi viðtal og þar skilaði fyrri menntun og verklega reynsla hans sæti í liðinu.

### Samstarf við Vélvík

Innan liðsins er Sigurður ábyrgur fyrir hönnun á spindlum og vali á hjólalegum. Ákveðið var að CNC-fræsa spindlana úr 7075 T6 áli. VOLVO Concept Center hefur undanfarin ár framleitt framspindlana enda eru þeir með flóknustu pörtum bílsins og Chalmers er aðeins með þriggja ása CNC-fræs í skólanum en VOLVO hefur fimm ása fræsara og því mun auðveldara fyrir þá að framleiða flókna hluti. Þeir höfðu hins vegar ekki tíma til að gera aftari spindlana og því var aðeins um að ræða að finna annan framleiðanda eða reyna að smíða þá sjálfur. Þar sem Sigurður er stoltur Íslendingur vildi hann reyna að fá íslenskt fyrirtæki til að koma að smíðinni. Vélvík sýndi þessu strax áhuga og fór Sigurður í heimsókn til þeirra yfir jólin þegar hann var á Íslandi og það kom skemmtilega á óvart hversu vel tækjum þeir eru búnir, klárlega eitt best búna renniverkstæði á Íslandi og nánast á pari við renniverkstæðið hjá VOLVO Concept Center, þar sem frumgerðir eru smíðaðar.

### Stærsta verkfræðikeppni í heimi

Formula student er núna stærsta alþjóðlega verkfræðikeppni í heimi og er haldin víðs vegar um heim. Hún hófst upphaflega í Bandaríkjunum og heitir þar Formula SAE. Meginmarkmið keppninnar er að nemendur hanni, smíði, prófi og að lokum keppi á kappakstursbíl í anda Formúlu 1 bíla. Keppnin er bæði ætluð rafmagnsbílum og bílum með brunavél. Keppninni er skipt upp í tvo meginþætti, eða kyrrstöðuþætti og hreyfanlega þætti. Í kyrrstöðuþættinum er dæmt eftir hönnun, kostnaði og viðskipaáætlun en í hreyfanlega þættinum er keppt í hröðun, skriki, þolakstri, skilvirkni og „autocross“. Mismunandi mörg stig eru í boði fyrir hvern þátt.

### Strangar reglur

Áður en leyfi fæst til að taka þátt í hreyfanlega þættinum þurfa bílarnir að ganga í gegnum athugun þar sem dómarar fara yfir hin ýmsu kerfi bílsins til að athuga hvort allt sé samkvæmt settum reglum sem eru nokkuð margar, eða um 200 blaðsíður, og kannað að allt virki eins og það á að gera. Þetta getur verið mikil hindrun fyrir mörg lið og sum komast aldrei þarna í gegn. Vonandi tekst liði Chalmers það og ef til vill vinnur skólinn aftur keppnina eins og árið 2012, en nú með Sigurð innanborðs.

### Gæti ekið á hvolfi

Bíll Chalmers er smár í sniðum, aðeins 292 cm langur, 138 cm breiður og 120 cm hár og vegur aðeins 192 kíló. Þyngdardreifing er 47 prósent að framan og 53 prósent að aftan. Rafmótorarnir tveir eru á afturöxli bílsins og afl þeirra samtals 90 kW, en takmarkað við 80 kW samkvæmt reglum. Hámarkshraðinn er 129 km/klst. og hann er fjórar sekúndur í 100 km hraða. Niðurþrýstingur bílsins er svo mikill að hann gæti fræðilega ekið á hvolfi. Bíllinn var afhjúpaður 23. maí síðastliðinn og prufuakstur hans hófst 1. júní. Nú er lokaundirbúningur að hefjast en keppnin sjálf fer fram í Silverstone þann 14. júlí.






## Rafhlöðuverksmiðja Volkswagen líklegast í Kína

Volkswagen hefur sagt að fyrirtækið þurfi að reisa eigin rafhlöðuverksmiðju til að uppfylla þörfina fyrir stórauknа framleiðslu Volkswagen-bílafjölskyldunnar á rafmagnsbílum og tengiltvinnbílum. Nýjustu fréttir úr þeirra herbúðum herma að Kína sé líklegasti staðurinn til að reisa slíka verksmiðju. Volkswagen ætlar að kynna 30 nýja bíla sem drifnir eru áfram að hluta eða öllu leyti með rafmagni á næstu tíu árum.

**3 milljónir rafmagnsbíla eftir 10 ár**

Eftir 10 ár gerir Volkswagen ráð fyrir að selja þrjár milljónir bíla sem ganga fyrir rafmagni á hverju ári. Það liggur því ljóst fyrir að verður gríðarleg hjá Volkswagen en fyrirtækið vill ekki þurfa að treysta á aðra framleiðendur til að uppfylla þessa þörf. Ein af ástæðum þess að líklegt sé að Volkswagen byggi eigin rafhlöðuverksmiðju í Kína er sú að hún yrði að helmingi fjármögnuð af Shanghai Automotive sem einnig nýti sér smíði rafhlaða í henni. Volkswagen vill ekki vera háð rafhlöðuframleiðslu Panasonic, Samsung eða LG Chem og hyggst lækka framleiðslukostnað rafhlaðanna með mjög stórri verksmiðju, líkt og Tesla er að byggja í Nevada fyrir sína bíla.

## Spá allt að 1.000.000 bíla minni sölu vegna Brexit



Mikið er spáð í eftirköst brotthvarfs Bretlands úr Evrópusambandinu varðandi bílaiðnaðinn og svartsýnustu raddir spá allt að einni milljón bíla minni sölu nýrra bíla í heiminum á þessu ári og þeim tveimur næstu. LMC Automotive spáir því að bílasala muni minnka um 120.000 bíla bara í Bretlandi í ár og á næstu tveimur árum hafi brotthvarf Breta úr ESB þau áhrif að 400.000 færri bílar seljist hvert árið. Þá er búist við því að bílaframleiðendur muni halda aftur af fjárfestingum og ráðningum nýs starfsfólks í kjölfar brotthvarfsins. Evercore ISI gerir ráð fyrir að hagnaður bílaframleiðenda minnki um allt að 1.100 milljarða króna vegna þessa á næstu tveimur árum. Evercore ISI á von á 14 prósenta minni bílasölu í Bretlandi á næsta ári en spáð hafði verið áður og ástæða þess sú að fólk leggur ekki í miklar fjárfestingar á óvissutímum í efnahagsmálum. Búist er við því að bílafyrirtækin PSA Peugeot-Citroën, Volkswagen og Ford verði fyrir mestum búsifjum af ákvörðun Breta. Allir bílaframleiðendur hafa áhyggjur af brotthvarfi Bretlands úr Evrópusambandinu og flestir forstjórar þeirra hafa viðrað áhyggjur sínar í fjölmiðlum.



Audi SQ5 fær allt að 390 hestafla vél.

## Audi SQ5 fær 48 volta forþjöppu líkt og SQ7

Það verður ekki bara nýr Audi SQ7 sem fær 48 volta forþjöppu til aflaukningar dísilvélarinnar sem er í bílnum. Það mun nýr Audi SQ5 einnig fá og með henni gæti bíllinn orðið allt að 390 hestöfl. Líklegra er þó talið að 365 hestöfl verði látin duga. Í dag má kaupa Audi SQ5 plus með dísilvél og tveimur forþjöppum sem er 335 hestöfl og er hann aðeins 5,1 sekúndu í 100 km hraða. Því má búast við því að nýi SQ5 verði sneggri en 5 sekúndur í 100 km/klst. Nýr Audi SQ5 verður ekki með tveimur forþjöppum heldur einni en þar sem hún er svo öflug með sín 48 volt þá sprautar hún svo miklu lofti til vélarinnar og ein slík dugar. Ekki er þó von á nýjum Audi SQ5 fyrr en árið 2018, enda stutt síðan Audi hóf að bjóða SQ5 plus bílinn. Svo virðist sem Audi, sem er í eigu Volkswagen, muni enn um sinn veðja á dísilvélatækni í suma bíla sína þrátt fyrir dísilvélasvindl Volkswagen og þá andstöðu sem myndast hefur hjá sumum bílkaupendum í garð dísilvéla.

# FYRSTI 350 HESTAFLA FORD FOCUS RS KOMINN Á GÖTURNAR HÉRLENDIS

Ford hefur ekki undan að framleiða Focus RS, slík er eftirspurnin eftir þessum fjórhjóladrifna kraftabíl.

Brimborg hefur nú afhent fyrsta Ford Focus RS bílinn, en þessi gerð Focus er öflugasta gerð bílsins og heil 350 hestöfl. Verð þessa bíls er tiltölulega hófsamt fyrir svo öflugan bíl, eða 6.990.000 kr. og erfitt hér á landi að finna svo öflugan bíl á svo lágu verði af nokkurri bílgerð. Ford Focus RS hefur fengið frábæra dóma bílablaðamanna um allan heim og því lék greinarritara forvitni á að vita hvort fótur væri fyrir þeim dómum og fékk því að reyna gripinn. Sem dæmi hefur bílablað Top Gear valið hann sem besta bíl ársins af árgerð 2016 og átti ekkert nema fín orð til að lýsa bílnum.



Ford Focus RS er bæði ógnaröflugur og stórkostlegur akstursbíll.

**Vélin gerð til að snúast hratt**

Fyrir það fyrsta er bíllinn afar mikið fyrir augað og krafturinn skín af honum. Þegar í hann er sest er alveg ljóst að þá á að halda ökumanni á sínum stað við aksturinn því sætin njörva ökumann niður og ekki veitir af þegar af stað er farið. Afl bílsins er hreinlega hlægilegt og gaman að láta hann snúast rösklega. Afl vélarinnar, sem er 2,3 lítra EcoBoost vél með forþjöppu, kemur ekki í ljós við lágan snúning en þegar hún er látin snúast rösklega kemur gríðarlegt afl í ljós og þessari vél er ætlað að snúast hratt og á mjög háum snúningi er hún öskrandi kraftaköggull. Yndislegt er að láta bílinn fara hratt í beygjur með sitt fjórhjóladrif, enda ekkert vit að beina svo miklu afli á annan öxul bílsins.

**Liggur eins og klessa**

Ford Focus RS liggur eins og klessa og stýringin er mjög nákvæm. Ford hefur lukkast einkar vel að stilla stýringu þessa bíls og breið dekk hans gera það að verkum að hann missir afar seint grip. Bremsur bílsins eru einnig mjög góðar og ekki veitir af. Fjöðrun bílsins er fremur hörð en ekki þó það hörð að óþægilegt sé. Þarna hefur Ford einnig fundið góðan milliveg og hægt er að aka bílnum eins og hverjum öðrum borgarbíl á þægilegan hátt en þegar skal á honum tekið er hann tilbúinn til þess í einu og öllu. Brimborg hefur einnig hafið innflutning á minni bróður RS en sá ber stafina ST og er 250 hestöfl. Hann er einnig á fínu verði fyrir svo öflugan bíl, en eðlilega eftirbátur þess gríðaröfluga. Verð hans er 5.390.000 kr.

**Framleiðir Ford enn öflugri Focus?**

Svo mikil er eftirspurnin eftir kraftatröllinu Ford Focus RS að fyrirtækið þarf að auka við fyrirætlaða framleiðslu sína á bílnum. Mest er eftirspurnin eftir bílnum í Bretlandi og þar ætlaði Ford að selja 4.000 bíla en þarf að auka hana um minnst 1.000 bíla. Langur biðlisti er þar eftir bílnum og þeir sem panta hann núna þurfa líklega að bíða í 12 til 14 mánuði eftir að fá hann afhentan. Ford er að íhuga að framleiða enn öflugri gerð Ford Focus, þ.e. RS500 og ef af því verður mun sá bíll verða sneggsti fjöldaframleiddi stallbakur í heimi.

# EINI NISSAN SKYLINE R34 BÍLL LANDSINS

Aðeins eitt eintak er til hér á landi af söfnunarbílnum Nissan Skyline af gerðinni R34 og eigandi hans er Tómas Kristjánsson. Þetta er bíll sem kom til landsins í mars 2006 eftir að hafa verið tíu mánuði á leið frá Japan, þar af um sex mánuði í Bretlandi til að fá Evrópuvottun. Þá var hann keyrður 67.000 kílómetra en í dag um 112.000 km. Það telst ekki mikil keyrsla á ári, sem títt er með svo verðmæta söfnunargripi. Bíllinn er 18 ára gamall og er töluvert af hlutum í honum sem eru langt á undan sinni samtíð. Vél, drif og gírkassi í þessum bíl eru allt gríðarlega sterkir hlutir og þótt aflið sé nægt þá hefur ekkert bilað í þessum bíl síðan hann var fluttur inn, annað en venjulegir viðhaldshlutir eins og bremsur og slíkt. Það hefur líka verið mikið aðhald með öllum hlutum í þessum bíl. Vélin er ekki farin að leka neinni olíu og hún er yfirleitt það hrein að þegar eigandinn tappar af honum olíunni getur hann notað hana á aðra bíla sína. Það eru innan við 10 Skyline bílar á landinu og þetta er sá eini sem er R34 módelið. Flestir eru af eldri R33 gerð og örfáir af R32 gerð.




Nissan Skyline bíll Tómasar er einstakur söfnunargripur.

**280 hestöfl frá verksmiðju en öflugri**

Bíllinn er gefinn upp 280 hestöfl frá verksmiðju. Hann kom til landsins frá Japan fyrir rúmum tíu árum og hefur eigandi hans keyrt hann rúmlega 40.000 kílómetra á þeim tíma, sem ekki telst mikið. Undanfarin ár hefur hann verið keyrður innan við 1.000 km á ári en samt alltaf skipt um olíu á vorin. Bíllinn hefur verið tekinn af númerum og geymdur inni í bílskúr yfir vetrarmánuðina og alltaf verið svampþveginn og bónaður reglulega. Skipt var um tímareim og allar aðrar reimar í 90.000 km.

**Ótrúlega tæknivæddur þó 18 ára sé**

Tómas á alla orginal hluti sem hafa verið teknir úr bílnum, en ýmsu góðgæti hefur verið bætt við hann. Meðal þess er nýtt þriggja tommu púststerfi, K&N olíusía, boost controller, AX53B70 túrbína og 18 tommu Enkei-álfelgur. Bíllinn er með afturhjólastýringu sem eykur akstursgetu bílsins og minnkar mjög beygjuradíus hans. Tiptronic-skipting með skiptitökkum er í stýri bílsins og hann er ótrúlega fullkominn bíll miðað við það að hann var framleiddur fyrir 18 árum. Þetta eintak er nánast í fullkomnu ástandi og eins og nýr að sjá og allt virkar í bílnum. Hér er því um afar verðmætt eintak af bílnum að ræða.




## Nýr Hilux – lúxus í leik og starfi

Endurhannaður að utan sem innan með þægindi og afköst í huga. Þessi sterkbyggði harðjaxl er núna með nýrri og togmeiri vél og hlaðinn þægindum sem fylgja þér alla leið í öruggum og afslöppuðum akstri.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun | **Tryggt** framtíðarvirði | **Fastar** mánaðargreiðslur

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



Citroen C3 svipar nú mikið til stærra bróðursins, Citroën C4 Cactus.

## Nýr Citroën C3 með Cactus-útliti

Citroën kynnti nýjan C3 bíl sinn í lok síðasta mánaðar og kom það flestum á óvart að útlitið hefur hann að stórum hluta erft frá hinum vinsæla Citroën C4 Cactus og er kominn með sams konar hnjaskbólur á hliðarnar. Bíllinn er einnig með annan lit á þakinu og vindkljúf að aftan. Bíllinn er 399 mm langur og nú með stærra 300 lítra skott. Ein af nýjungunum sem kynntar eru í þessum bíl er myndbandskerfi sem fer í gang ef kerfið skynjar hættu og hugsanlegan árekstur. Nýtt upplýsingakerfi verður í bílnum með Android og Apple CarPlay möguleikum. Hægt verður að fá blindpunktsviðvörun og akreinaskiptivara í bílinn, sem ekki er algengt með svo litla bíla. Bensínvélar bílsins verða frá 82 til 110 hestöfl og dísilvélarnar 75, 99 og 120 hestafla.



BMW-bíll settur saman í Kína.

## Kína gæti leyft ráðandi eignarhald bílaframleiðenda

Því hefur verið hreyft í Kína að hömlum á meirihlutaeignarhaldi erlendra bílaframleiðenda í bílaverksmiðjum í Kína verði aflétt. Það er nú takmarkað við minna en 50% eignarhald þeirra. Með því mættu erlendir bílaframleiðendur eiga meirihluta eða að fullu bílaverksmiðjur í Kína. Þessi breyting er af mörgum talin auka heilbrigða samkeppni á bílamarkaði í Kína og það myndi gagnast kaupendum bíla þar. Á hinn bóginn óttast forsvarsmenn China Association of Automobile Manufacturers að þessi breyting gæti leitt til hruns innlendra bílaframleiðenda og að þeir erlendu, sem eru enn stærri bílaframleiðendur, gætu stefnt framtíð þeirra innlendu í hættu. Kína er stærsti bílamarkaður í heimi og sá mikilvægasti fyrir langflesta bílaframleiðendur. Margir framleiðendanna hafa stofnað til sameiginlegrar eigu kínverskra bílaverksmiðja og þar eru gjarnan framleiddir einstaka gerðir þeirra til sölu í Kína. Þær yrðu vafalaust fleiri ef erlendum bílaframleiðendum myndi leyfast að eiga verksmiðjur sínar einir.



Hyundai-bíll í Rússlandi.

# HYUNDAI/KIA FRAM ÚR LADA Í SÖLU BÍLA Í RÚSSLANDI FYRSTA SINNI

Kia selst betur en Hyundai, en samanlögð sala systurmerkjanna er meiri en hjá hinu rússneska Lada.

AvtoVAZ bílasmiðurinn rússneski sem framleiðir Lada-bíla hefur löngum verið söluhæsti bílaframleiðandi í Rússlandi. Nú er þó svo komið að suðurkóreski bílaframleiðandinn Hyundai, sem einnig á stóran hlut í Kia, hefur tekið fram úr AvtoVAZ sem sá söluhæsti. Á fyrstu fimm mánuðum þessa árs hefur Hyundai og Kia selt samtals 109.319 bíla en AvtoVAZ 102.124. Sala bíla er reyndar mjög dræm í Rússlandi og hefur minnkað um helming frá árinu 2012. Á fyrstu fimm mánuðunum hefur bílasala fallið um 15 prósent frá fyrra ári. Kia er söluhærra en Hyundai í Rússlandi nú og seldi Kia 56.986 bíla á þessum fimm mánuðum, en Hyundai 52.333. Í fyrra minnkaði bílasala í Rússlandi um 36 prósent en sala Hyundai og Kia minnkaði aðeins um tíu og 16 prósent.

**Tvöfaldað markaðshlutdeild frá árinu 2012**

Markaðshlutdeild þeirra hefur tvöfaldast frá árinu 2012 og er nú um 20 prósent í Rússlandi. Renault á stóran hlut í AvtoVAZ og fjárfesti fyrir 125 milljarða í fyrirtækinu árið 2008 og ætlaði með því að gera það sama með AvtoVAZ og því hefur lukkast svo vel með Dacia-merkið í Rúmeníu. Það hefur hins vegar ekki gengið eftir og hefur Renault niðurskrifað þessa fjárfestingu sína um 70 prósent. Hyundai og Kia ætla að halda áfram að kynna nýja bíla í Rússlandi og auka markaðshlutdeild sína meira þar og í leiðinni að undirbúa jarðveginn ef ske kynni að bílasala þar í landi færi að braggast aftur.

**Nýta sér niðursveiflu**

Þetta yrði ekki fyrsta skipti sem Hyundai og Kia hafi nýtt sér sveiflu en það gerðu fyrirtækin einmitt þegar bílasala í Bandaríkjunum var í mikilli lægð eftir efnahagshrunið árið 2008 og á næstu árum jókst mjög markaðshlutdeild þeirra vestra. Hyundai og Kia hefur tekist að halda verði á bílum sínum lágu í Rússlandi og hefur starfað með innlendum framleiðendum við framleiðslu íhluta á bílum þar. Á meðan hefur Volkswagen flutt inn dýrari íhluti frá heimamarkaði og því neyðst til að hækka verð á bílum sínum meira en Hyundai og Kia og það hefur komið niður á sölu Volkswagen, líkt og annarra framleiðenda.

## Náði 400 km hraða á mótorhjóli

Þau eru ekki mörg mótorhjólin sem ná 400 km hraða, en Kawasaki Ninja H2R er ekkert venjulegt mótorhjól og kostar svo mikið sem 50.000 dollara, eða eitthvað á sjöundu milljón króna. Þannig hjóli ók Tyrkinn Kenan Sofuoglu fyrir stuttu og kom því á 400 hraða og það á um það bil 26 sekúndum og er sá stutti tími einn og sér hreint með ólíkindum. Þetta gerði hann ekki á akstursbraut, heldur á Izmit Bay-brúnni í Tyrklandi, en hún er með einstaklega slétt yfirborð og heppileg til hraðaksturs. Brúnni var lokað á meðan á þessum magnaða akstri Sofuoglu stóð, en hann var skipulagður af Kawasaki-fyrirtækinu.

**Með afl á við sportbíl**

Kawasaki Ninja H2R er 300 hestöfl og ekki löglegt á almennum vegum, heldur ætlað að glíma við keppnisbrautir. Það er hins vegar Kawasaki Ninja



H2 hjólið, með ekkert R í endann og er það 200 hestöfl og ætti það afl að duga flestum. Kawasaki hafði veitt Kenan Sofuoglu þær upplýsingar að Kawasaki Ninja H2R hjólið væri með uppgefinn hámarkshraða upp á 380 km/klst. en það væri engu að síður draumur margra hjá fyrirtækinu að hægt væri að koma því í 400 km hraða. Það sannaði Kenan Sofuoglu og á nú fyrir vikið hraðaheimsmet á mótorhjóli.

## Sala nýrra bíla 38% meiri en í fyrra

Sala á nýjum fólksbílum frá 1. janúar til 30. júní hefur aukist um 38% miðað við sama tíma á síðastliðnu ári, en nýskráðir fólksbílar á þessu tímabili voru 12.125 á móti 8.784 miðað við sama tímabil 2015 eða aukning um 3.341 bíl. Sú jákvæða og ánægjulega þróun heldur áfram er kemur að endurnýjun bílaflota landsmanna enda full þörf á því að fækka gömlum, óöruggum og mengandi bílum á götunum. Með áframhaldandi góðri sölu nýrra og sparneytinna bíla er ljóst að losun óæskilegra efna út í andrúmsloftið minnkar og öryggi allra í umferðinni eykst. Stór hluti, eða nánast helmingur, nýskráðra bíla fer til bílaleiga enda kallar mikil fjölgun ferðamanna á meiri þjónustu ferðaþjónustuaðila. Þeir bílar skila sér svo út á almennan markað eftir u.þ.b. 15 mánuði, þá sem ódýrari kostur fyrir þá sem vilja yngja upp fjölskyldubílinn, segir í frétt frá Bílgreinasambandinu.



12.125 bílar hafa selst á fyrri hluta ársins, en um 14.500 bílar allt árið í fyrra.


SUZUKI
Way of Life!
NÝR BALENO!
KYNNUM NÝJAN TÍMAMÓTA BALENO
ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA HANN
VERÐ FRÁ KR.
2.460.000
BALENO
SAMRUNI RÝMIS OG HÖNNUNAR
NÝR VALKOSTUR! SUZUKI BALENO MILD HYBRID
BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis. Hann hefur mesta innra-og farangursrými í sínum flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur ... samruni hönnunar og rýmis.
Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum bensínvélum, 1,0 Booster Jet og 1250 dual Jet. Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

SSANG YOUNG

**1,6 L DÍSILVÉL MEÐ FORÞJÖPPU**
**115 HESTÖFL**
**Fjórhjóladrif**

**Eyðsla** 4,7 l/100 km í bl. akstri

**Mengun** 119 g/km $CO_2$
**Hröðun** 12,0 sek.
**Hámarkshraði** 175 km/klst.
**Verð** 3.790.000 kr.
**Umboð** Bílabúð Benna

**KEMUR Á ÓVART**
Hversu mikið tog er í þessari smáu dísilvél
Að hann sé með læsanlegum millikassa
Hve mikill staðalbúnaður er í bílnum

- Efnisval í innréttingu
- Aksturseiginleikar í hraðari akstri


SsangYong Tivoli tekur sig vel út í fagurri íslenskri náttúru og á eftir að spjara sig vel hérlendis.

# BESTI BÍLL SSANGYONG FRÁ UPPHAFI

## SsangYoung Tivoli er frábært útspil suðurkóreska bílaframleiðandans í flokki smærri jepplinga og á frábæru verði miðað við góðan staðalbúnað, auk þess sem bíllinn er fallegur að innan sem utan.

**SSANGYONG TIVOLI**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Svo til allir bílaframleiðendur heimsins bjóða upp á jepplinga, enda sá flokkur bíla sem vex hraðast. Einn af minni bílaframeiðendum heims er suðurkóreski bílaframleiðandinn SsangYong og þar á bæ er engin undantekning á því. Nýkominn er til landsins jepplingurinn Tivoli frá SsangYong og er hann allrar athygli verður. Tivoli fellur í flokk minni jepplinga, en hann á þó stærri bróður sem í grunninn er sami bíllinn, en bara nokkru lengri og ber stafina XLV. Tivoli er hvað stærð varðar ámóta og Nissan Juke, en XLV 24 cm lengri en litli bróðirinn. Það er Bílabúð Benna sem selur SsangYong bíla á Íslandi og hefur gert lengi. Flestir muna vel eftir SsangYong Musso jeppanum sem seldist einkar vel hérlendis og var framleiddur á árunum 1993 til 2005. Margir þessara bíla eru enn þá á götunum þó þeim fari örlítið fækkandi. SsangYong hefur þá sérstöðu meðal bílaframleiðenda að framleiða svo til eingöngu jepplinga og jeppa og þar má segja að fyrirtækinu hafi lukkast að staðsetja sig vel því sala í slíkum bílum er og hefur verið mjög góð í heiminum að undanförnu. Enda er fljúgandi gangur í sölunni hjá SsangYong, sem ekki síst er einmitt að þakka nýjum Tivoli. Salan hefur vaxið um 55,9 prósent í ár hans vegna og alls hefur SsangYong selt 100.000 Tivoli bíla, níu mánuðum fyrr en áætlanir SsangYong sögðu upphaflega til um.

**Snotur jepplingur með coupé-lagi**
En hvernig skyldi þessi eftirsótti



- Útlit
- Staðalbúnaður
- Verð

bíll reynast? Fyrir það fyrsta er ytra útlit hans ágætlega lukkað. Hann er með flottum og nokkuð köntuðum línum, snaggaralegur með sitt kassalaga form, en samt nútímalega teiknaður. Hann er með rísandi gluggalínu og verður því sportlegur fyrir vikið. Afturglugginn er fremur smár og því verður afturendinn örlítið fólksbílalegur. Þaklína bílsins fer lækkandi aftur og því má segja að bíllinn sé með hálfgerðu coupé-formi. Ekki fer fjarri að hann minni örlítið á Range Rover Evoque og er þar ekki leiðum að líkjast. Að mati greinarskrifara fer hér fallegasti bíll SsangYong og á það bæði við um styttri bílinn Tivoli og þann lengri, XLV. Að innan er Tivoli einnig hinn snotrasti bíll og fyrir svo ódýran bíl kemur bæði staðalbúnaður og frágangur á óvart. Efnisval innréttingarinnar er þó í ódýrari kantinum og plast þar ríkjandi en lítur samt vel út. Talandi um verð þá má fá Tivoli frá 3.790.000 krónum. Er þá um að ræða beinskiptan bíl með tauáklæði, en hann kostar 4.390.000 kr. sjálfskiptur og 4.890.000 kr. með leðuráklæði á sætum og ýmislegt fleira góðgæti.

### 1,6 lítra dísilvél með 300 Nm tog

Bæði Tivoli og XLV koma með 1,6 lítra bensín- eða dísilvélum frá framleiðanda sem báðar uppfylla Euro 6 staðalinn, en í bili eru þeir aðeins í boði hjá Bílabúð Benna með dísilvélinni. Hún er skráð fyrir 115 hestöflum og dugar bílnum hreint ágætlega. Enda er hún með 300 Nm tog og með henni finnst ökumanni bíllinn aldrei aflvana, þó svo alltaf sé gaman að vera með aðeins meira afl. Uppgefin eyðsla dísilvélarinnar er litlir 4,7 lítrar og í reynsluakstri hjó bíllinn bara nokkuð nálægt þeirri tölu, þó svo hún næðist aldrei alveg. Það er í sjálfu sér hreint magnað að það dugi jepplingi að vera með aðeins 1,6 lítra sprengirými og að ná svo lágum eyðslutölum á slíkum bíl. Það eru breyttir tímar og jepplingar geta greinilega eytt jafn litlu og fólksbílar. Vélarnar tengjast svo 6 gíra Aisin-sjálfskiptingu eða beinskiptingu og virkuðu þær báðar vel og var talsverð hrifning yfir þægilegri beinskiptingunni. Tivoli og XLV eru hérlendis aðeins í boði fjórhjóladrifnir þó svo bíllinn sé einnig framleiddur með framhjóladrifi. Annar kostur við bílinn er að hann kemur með læsanlegum millikassa, svo þessi bíll er alveg fær um að glíma við ófærurnar.

### Á mjög góðu verði

Þó svo að Tivoli teljist ekki stórvaxinn jepplingur þá er yfrið pláss fyrir aftursætisfarþega, sem og í farangursrými hans, sem er 423 lítrar. Satt að segja kom mikið á óvart hve mikið fóta- og höfuðrými eru í aftursætunum. Ef stærri XLV bíllinn er valinn er gott að vita af 720 lítra farangursrými hans og er sú stærð farin að minna á stóra jeppa. Ekki vantar svo hin ýmsu geymslurými og er það til vitnis um sniðuglega innri hönnun bílsins. Aksturseiginleikar bílsins eru hreint ágætir, hliðarhalli lítill í beygjum og fjöðrunarkerfið át vel allar misfellur. Mjög þægilegt er að snattast á bílnum í borgarumferð og hann ræður ágætlega við hraða utan hennar, en þar voru þó aksturseiginleikarnir síðri. Erlendir bílablaðamenn, ásamt greinarritara eru sammála um að hér fari besti bíll SsangYong hingað til og er það ekki slæmur dómur. Ekki er svo verra að vita af 5 ára ábyrgð frá framleiðanda. Svolítið erfitt er að bera saman verð samkeppnisbíla Tivoli, en Nissan Juke með framhjóladrifi má fá frá 3.490.000 kr. en fjórhjóladrifinn frá 4.590.000 kr. en þá er hann kominn með 190 hestafla dísilvél. Renault Captur kostar frá 3.390.000 kr. en þar fer einnig framhjóladrifinn bíll með aðeins 90 hestafla vél.







**SSANGYONG TIVOLI** er einkar vel búinn bíll miðað við hversu ódýr hann er

**SKOTTRÝMI** er 423 lítrar en 720 lítrar í stærri XLV bílnum

**EKKI ER VERRA** að vita af 5 ára ábyrgð frá framleiðanda



SIMPLY CLEVER
ŠKODA




**ŠKODA Rapid** kemur skemmtilega á óvart, bæði í akstri og viðmóti. Hreinar línur, nýtt aflmikið yfirbragð og tímalaus fágun gera Rapid að frábærum kosti. Komdu í reynsluakstur og snertu á framtíðinni.

Verð frá aðeins
**2.990.000 kr.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is


Kia GT er fyrsti alvöru sportbíllinn úr smiðju Kia.

# 311 hestafla Kia GT undir 30.000 dollurum

Þegar Kia setur loks á markað fyrsta sportbíl sinn, GT, á næsta ári mun hann kosta minna en 30.000 dollara í Bandaríkjunum, eða aðeins 3,6 milljónir króna. Bíllinn mun koma á markað á næsta ári og verður þá líklega seldur sem árgerð 2018. Hann mun fást með tvær gerðir 6 strokka véla, annars vegar 3,8 lítra og 311 vél og hins vegar 3,3 lítra vél með tveimur forþjöppum sem er 365 hestöfl, en þá vél má einnig finna í Genesis G90 lúxusbíl Hyundai. Báðar þessar vélar verða tengdar átta gíra sjálfskiptingu. Í allra dýrustu útgáfu bílsins með stærri vélinni mun hann aðeins kosta 36.800 dollara, eða 4,6 milljónir króna. Það vakir því fyrir Kia að hafa þennan spennandi sportbíl sinn á afar samkeppnisfæru verði. Þessi sportbíll Kia er sá fyrsti sinnar gerðar sem frá fyrirtækinu kemur, en þó hefur fengist GT útgáfa af Kia c´eed fólksbílnum, svo til eins í útliti, en þessi bíll er sérstök smíði. Svo getur farið að Kia GT fái í viðbót nafnið Stinger en það verður að koma í ljós síðar. Kia GT er afturhjóladrifinn eins og sannir sportbílar og á stærð við BMW 3-línuna en með coupé-lagi og brattan afturenda, ekki ósvipaðan og á Audi A7.








Acura NSX er bæði rennilegur og öflugur bíll frá Acura-deild Honda.

# ACURA NSX HANDGERÐUR Í BANDARÍKJUNUM

## Er 573 hestafla tryllitæki sem kostar hátt í 20 milljónir króna.

Það kom flestum á óvart þegar Honda tilkynnti að sportbíllinn Acura NSX yrði smíðaður í Bandaríkjunum, en vaninn er að japanskir bílaframleiðendur smíði sína allra öflugustu og bestu bíla heima fyrir í Japan. Honda ákvað að smíða bílinn í Ohio-fylki og reisti sérstaka verksmiðju til þess sem er um 20.000 fermetrar að stærð og kostaði Honda hátt í níu milljarða að byggja. Þar verður Acura NSX handsmíðaður og einungis framleiddir átta til tíu bílar á dag og einungis af fyrirfram pöntuðum bílum. Honda skoðaði verksmiðjur Ferrari, Lamborghini, McLaren og Bentley áður en farið var í að reisa þessa sérstöku verksmiðju og vandaði vel til verka.

### Kaupendum boðið að skoða smíðina

Í verksmiðjunni verður kaupendum boðið að koma og skoða smíði bíla þeirra. Í nágrenni verksmiðjunnar verður kaupendunum einnig boðið að reynsluaka eintaki af bílnum öfluga á sérstakri braut sem gerð hefur verið og þar kynnast þeir akstursfhæfni þessa vandaða og öfluga bíls og þeim hraða sem hann ræður við í akstri. Mjög lítið er notað af vélmennum við smíði Acura NSX-bílsins og flest handsmíðað líkt og gert er með marga ofurdýra og öfluga sportbíla, svo sem Nissan GT-R bílinn. Allir starfsmenn í verksmiðjunni hafa yfir 20 ára reynslu við smíði bíla og vill Honda tryggja með því að smíðin verði sem vönduðust.

### Loksins kominn í framleiðslu eftir níu ára þróun

Nú þegar hafa verið smíðuð 160 eintök af NSX-bílnum í nýju verksmiðjunni og fyrstu eintök hans fóru til kaupenda þann 1. apríl. Flestir þeirra verða reyndar notaðir sem reynsluakstursbílar og prufubílar fyrir blaðamenn, kaupendur og starfsfólk Honda sem hefur það hlutverk að tryggja að smíðin sé sem fullkomnust. Vél bílsins er einnig handsmíðuð og þar hafa allir starfsmenn a.m.k. 24 ára reynslu. Það tekur fimm til sex klukkutíma að smíða hverja vél, en til samanburðar líða aðeins 30 sekúndur milli smíði hverrar fjöldaframleiddrar vélar í hefðbundna Honda-bíla. Honda hefur verið mjög lengi að koma þessum Acura NSX bíl í framleiðslu, en hann var fyrst kynntur almenningi árið 2007 og lokaútfærsla hans var ekki kynnt fyrr en fyrir um einu ári og fengu bílablaðamenn nú fengið að kynnast honum frá þeim tíma og lokið lofsorði á hann í hvívetna. Vonandi eru nýir kaupendur hans ánægðir og svo þarf reyndar að vera fyrir bíl sem kostar vestanhafs 156.940 dollara, eða um 19,5 milljónir króna. Acura NXS frá Honda er 573 hestafla bíll og með níu gíra sjálfskiptingu.



# Japönskum fornbílum fjölgar ört

Það er kominn tími til að eigendur japanskra bíla á Íslandi, 25 ára og eldri, láti sjá sig með sína glæsilegu bíla á götum landsins. Eins og margir þekkja tóku japanskir bílar yfir bílamarkaðinn hér á landi fyrir mörgum áratugum. Nú vilja fornbílaáhugamenn mjög gjarnan sjá þessa eigendur og bíla þá sem þeir eiga. Í fréttablaði Fornbílaklúbbs Íslands hefur verið gerð grein fyrir fornbílaeign félagsmanna. Þar kemur fram að bandarískir fornbílar séu 834 en japanskir bílar eru sagðir 110. Það er þó trú margra að þeir japönsku ættu ekki að vera færri en um 350 talsins. Hafa verður í huga að þeir bílar sem ná fornbílaaldri núna eru af árgerð 1991 og eldri, sem sagt 25 ára. Mikið væri nú skemmtilegt ef japönsku fornbílarnir sæjust meira í sumar, en þar finnst margur gamall demanturinn.


Mercedes Benz B-Class Electric Drive.

# Stofnar Benz sérstakt merki fyrir rafmagnsbíla sína?

Þýska dagblaðið Handelsblatt greinir frá því að í herbúðum Mercedes Benz sé um það rætt að stofna nýtt merki fyrir rafmagnsbíla og tengiltvinnbíla Benz. Það gæti orðið svo snemma sem í næsta mánuði og gæti verið kynnt með formlegum hætti á bílasýningunni í París í september. BMW hefur markaðssett bæði rafmagnsbíla og tvinnbíla sína undir merkjum i-stafsins, svo sem bílana BMW i3 og i8. Því má segja að Mercedes Benz sé að hugsa í sömu átt og fylgja fordæmi BMW. BMW hefur smíðað i3 og i8 bíla sína í verksmiðju sem smíðuð var sérstaklega fyrir þá. Það ætlar Benz hins vegar ekki að gera og mun smíða þá í verksmiðjum sem þegar eru til. Fyrsti bíllinn sem gæti fallið undir nýtt merki Benz fyrir rafmagnsbíla gæti orðið rafknúinn jepplingur sem byggir á GLC-bílnum og kemur hann líklega á markað á næsta ári. Benz og BMW eru alls ekki einu bílaframleiðendurnir sem ætla af krafti að halla sér að smíði rafmagnsbíla, því Volkswagen-bílafjölskyldan ætlar að kynna 20 nýja slíka bíla til ársins 2020. Bæði er þar um að ræða hreinræktaða rafmagnsbíla og tengiltvinnbíla, þar á meðal stóru fólksbílana Volkswagen Phaeton og Audi A8. Volkswagen er einnig að íhuga að opna eigin risaverksmiðju fyrir smíði rafhlaða í alla sína bíla.










- **Byggður á grind**
- **Hátt og lágt drif**
- **Dísel 178 hestöfl**
- **Tog 400 Nm við 1400 - 2800 sm**
- **Dráttargeta 2,6 T**
- **7 sæta**

Rexton kemur reyndu jeppafólki skemmtilega á óvart. Hér er á ferðinni hörkufrábær jeppi, sem stenst samanburð við öflugustu jeppana á markaðnum. Hann er byggður á grind, með læstum millikassa og lágu drifi. Rexton er hlaðinn vönduðum búnaði og þægindum og býðst á sérlega hagstæðu verði. SsangYong hefur verið leiðandi bílaframleiðandi í Suður-Kóreu og notið virðingar og trausts fyrir tæknilegar lausnir og framúrskarandi hönnun. Komdu í reynsluakstur.

- Bíll byggður á grind
- Millikassi með læsingu og lágu drifi
- 7 þrepa sjálfskipting
- Hæðarstillanlegt stýri með hita
- Hraðastillir (Cruise Control)
- 7" skjár
- Bakkmyndavél
- Bluetooth tenging við farsíma
- ABS hemlakerfi
- ESP stöðugleikastýring
- HDC, heldur á móti niður brekkur
- ARP veltivörn
- Tölvustýrð loftkæling
- Loftpúðar í stýri, farþegamegin og í hliðum
- 16" álfelgur
- Varadekk
- Leðurstýri með útvarpsstýringu
- Útvarpstæki með MP3
- 6 hátalarar, USB- og Aux tengi
- Þokuljós - framan og aftan
- LED ljós að framan og aftan
- Rafdrifnir hliðarspeglar með hita
- Rafaðfellanlegir hliðarspeglar
- Hiti í sætum, framan og aftan
- 7 manna
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafdrifnar rúður í fram- og afturhurðum
- Opnanlegur gluggi á afturhlera
- Vindskeið að aftan með LED bremsuljósi
- Þjófavörn
- Viðarklæðning í mælaborði
- HDMI tengi
- Sjálfvirkur birtustillir í baksýnisspegli
- Langbogar á þaki



2WD
Há-drifs stilling



4WD
Há-drifs stilling



4WD
Lág-drifs stilling

# Verð: 5.490 þús. kr.

**Rexton DLX | dísel túrbó | beinskiptur 6 gíra**

Rexton DLX I sjálfskiptur 7 gíra: Verð: 5.990 þús. kr.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Kíktu í heimsókn á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.**

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

SSANGYONG

## KIA OPTIMA

**1,7 L DÍSILVÉL**
**141 HESTAFL**
**Framhjóladrif**
**Eyðsla** 4,4 l/100 km í bl. akstri
**Mengun** 116 g/km $CO_2$

**Hröðun** 10,2 sek.
**Hámarkshraði** 201 km/klst.
**Verð** 5.190.777 kr.
**Umboð** Askja

- Aðeins einn vélarkostur
- Eyðsla
- Verð

- Akstursseiginleikar
- Útlit
- Staðalbúnaður



Kia Optima er laglega teiknaður bíll og hefur ekki breyst mikið á milli kynslóða.

# KEPPIR Í LÚXUSFLOKKI EN SKORTIR AFL

Kia Optima er stór fólksbíll sem gleður óneitanlega augað. Hann er einstaklega vel búinn og aðeins seldur hér á landi í premium-útgáfu og því nokkuð dýr bíll. Kemur aðeins með einni vélargerð.

**KIA OPTIMA**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Kia Optima er í flokki fólksbíla sem ekki hafa selst vel eftir efnahagshrunið árið 2008, en seldust ágætlega fyrir það. Kia Optima er í flokki með bílum eins og Volkswagen Passat, Ford Mondeo og Mazda 6, svo einhverjir séu nefndir. Þessir bílar eru magnsölubílar á mörgum öðrum mörkuðum, en hafa ekki náð flugi hérlendis undanfarið þar sem Íslendingar hafa valið sér minni fólksbíla eða jepplinga og jeppa. Kia Optima er nýkominn af fjórðu kynslóð en útlitsbreyting bílsins er mjög lítil, en á móti má segja að ekki sé ástæða til þess að breyta því sem fagurt er fyrir. Kia Optima er einstaklega vel teiknaður bíll, en aðalhönnuður hans, eins og gildir um alla aðra Kia-bíla, er Peter Schreyer, einn virtasti bílahönnuður heims sem áður starfaði fyrir Audi. Af mörgum fríðum bílum í þessum stærðarflokki myndu margir segja að Kia Optima sé þeirra fallegastur og ekki er það í andstöðu við skoðun greinarritara.

### Glæsileg innrétting

Ekki minnkar hrifningin þegar bíllinn er opnaður, en þar blasir við ferlega flott innrétting. Rétt er þó að hafa í huga að umboðsaðili Kia, Askja, hefur nær einungis flutt inn premium-útgáfu Optima, sem bæði er hlaðin lúxus og staðalbúnaði og leðurklædd. Þannig búinn kostar bíllinn 5.990.777 kr. en einnig má fá bílinn í EX-grunnútgáfu sem kostar 5.190.777 kr. Á þessum gerðum munar miklu hvað búnað og innra útlit varðar og fyrir 800.000 kr. munar svo miklu að það réttlætir verðmismuninn. Svo eitthvað sé nefnt þá fæst með því glerþak, flottar 18 tommu álfelgur, sjálfvirk tveggja svæða miðstöð, lyklalaust aðgengi, LED ljós, rafstillt bílstjórasæti, leður á sætum, frábært Harman Kardon-hljóðkerfi, fjarlægðarskynjarar, 8 tommu snertiskjár, sjálfvirk opnun á skotti og rafmagnshandbremsa. Með öllum þessum búnaði og fallegu útliti er þessi bíll kominn á stall með lúxusbílum og auðveldlega má kaupa bíla í lúxusflokki sem ekki státa af svo miklum búnaði og líta ekki svona vel út. Því má segja að Askja tefli þessum bíl fram aðeins í lúxusútgáfu og verð hans verður því að skoða með þeim augum.

### Aðeins ein vélargerð

Kia Optima er aðeins í boði hér á landi með einni vélargerð, 1,7 lítra dísilvél sem er 141 hestafl og aðeins með 7 gíra DCT-sjálfskiptingu með tveimur kúplingum. Þessi vél hefur verið í boði lengi í Optima og með nýrri kynslóð er hún 4 hestöflum aflmeiri og nú með 340 Nm tog. Hún orkar ágætlega og togar vel, en satt best að segja myndast hæglega sú krafa ökumanns að vera með meira afl undir húddinu í svo hrikalega flottum bíl sem Optima er. Þó held ég að allflestir geri ekki meiri kröfu um afl í bílnum og víst er að þessi vél dugar honum við flestar aðstæður. Það er samt eitthvað grátlegt við það að geta ekki valið á milli vélargerða í þessum bíl og eiga kost á aflmeiri vél. Vonandi verður gerð bragarbót á því á næstunni, en Optima í Bandaríkjunum er með miklu öflugri vélum, allt að 245 hestöfl. Uppgefin eyðsla er 4,4 lítrar en í reynsluakstrinum var hann með að meðaltali 8,1 lítra og munar þar ansi miklu. Samt fór reynsluaksturinn fram með fremur hófsömum hætti og bílnum sjaldan gefið hressilega inn. Vakti þessi eyðsla viss vonbrigði og leiðir hugann að því að þessi vél sé of lítil fyrir bílinn og stærri vél gæti eytt minna.



**INNRÉTTING bílsins er sláandi falleg og alveg á pari við innréttingar lúxusbíla**

**FÓTARÝMI er með því allra besta sem gerist**

**SKOTTRÝMI ER ágætt, eða 505 lítrar og aðgengi að því þægilegt**

### Einstaklega hljóðlátur og frábært hljóðkerfi

Akstursseiginleikar Optima eru með besta móti og hann er alveg til í að dansa fimlega gegnum beygjurnar. Bíllinn liggur hreinlega eins og klessa og hliðarhalla vart gætir. Fjöðrunarkerfið er afar vel upp sett og fellur í sportlegri kantinn í þeim D-stærðarflokki bíla sem Optima tilheyrir. Stýring bílsins er bæði nákvæm og gefur tilfinningu niður á malbikið og allt virðist leika í höndum bílstjóra. Sérstaka athygli vakti hve hljóðlátur Optima er orðinn og það undirstrikar að þessi bíll Kia er mættur til að keppa við lúxusbílana. Önnur birtingarmynd þess er Harmon Kardon-hljóðkerfið sem fylgir premium-útgáfunni, en þar fara háklassagræjur sem finnst í fáum bílgerðum. Fótarými í aftursæti er með því besta sem gerist í D-flokki og stærð skottrýmis er líka ágætt, eða 505 lítrar. Enda er Kia Optima 4,85 metra langur bíll og mikilfenglegur eftir því. Þessu tók reynsluökumaður líka eftir þar sem mörg forvitin augun eltu hann á ferð um borgina. Nokkuð erfitt er að bera saman verð á Kia Optima og samkeppnisbílum hans, þar sem bíllinn er aðeins fluttur inn í ferlega vel búnni premium-útgáfu sem kostar tæplega 6 milljónir. Fá má Optima þó á 5,2 milljónir. VW Passat fæst á 4.590.000, Ford Mondeo á 3.990.000 kr. og Mazda 6 á 3.790.000 kr. Því er verð Kia Optima kannski helst til í hærra kantinum.








VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L


Bugatti.

## Bugatti Chiron hraðskreiðari en allir Le Mans bílarnir

Í síðasta mánuði var 24 klukkutíma þolaksturskeppnin í Le Mans í Frakklandi. Þar bar Porsche sigur úr býtum eftir að Toyota bíll hafði haft forystuna þangað til nokkrar mínútur voru eftir af keppninni, en bilaði á ögurstundu. Áður en keppnin hófst fékk ökumaður á Bugatti Chiron að prófa sig á brautinni með sín 1.500 hestöfl undir húddinu. Þar náði hann 380 kílómetra hraða sem var 34 km meiri hraði en nokkur af keppnisbílunum náði í keppninni. Þessi mikli hraði var reyndar nokkuð undir hámarkshraða Bugatti Chiron bílsins, en hann nær 420 km hámarkshraða. Rétt er að hafa í huga að Bugatti Chiron er fjöldaframleiddur bíll en það á ekki við um keppnisbílana í Le Mans. Fyrstu Bugatti Chiron bílarnir sem afgreiddir eru til kaupenda verða afhentir í sumar og hver þeirra þarf að reiða fram 335 milljónir króna. Framleiddir verða 500 Bugatti Chiron bílar og hafa 200 nú þegar verið pantaðir af efnuðum kaupendum.


Skoda Superb.

## Er Skoda á leið vestur um haf?

Fyrir ríflega 50 árum hætti Skoda að selja bíla í Bandaríkjunum og hafa þeir ekki verið til sölu þar síðan. Það gæti þó verið að breytast því Skoda hefur sótt um einkaleyfi á nöfnunum Superb, Octavia og Yeti í Bandaríkjunum og það bendir sterklega til þess að Skoda hugi að innflutningi og sölu á bílum sínum vestanhafs. Umsókn um einkaleyfin þurfa þó ekki að þýða að sala þeirra hefjist þar, heldur að Skoda vilji eingöngu vernda þessi bílnöfn svo fyrirtækið missi þau ekki til keppinauta, hvað sem síðar verður. Sumir hafa velt fyrir sér að það að selja Skoda bíla væri gæfulegt spor hjá eiganda Skoda, Volkswagen. Volkswagen á undir högg að sækja með sölu bíla sinna í Bandaríkjunum eftir að dísilvélasvindl þeirra uppgötvaðist. Því gæti verið meira vit í að markaðssetja þar nýtt merki sem þó tilheyrir Volkswagen bílasamstæðunni. Enn fremur eru bílar Skoda skynsamlega hannaðir og fremur ódýrir bílar sem auðveldlega eiga erindi á markað í Bandaríkjunum.

## Peugeot 3008 orðinn alvöru jepplingur

Nýr og gerbreyttur Peugeot 3008 er nú orðinn að alvöru jepplingi sem glímt getur við erfiða færð og eru nú 22 sentimetrar undir lægsta punkt hans. Hann er auk þess kominn með nýjan undirvagn, hefur lést um 100 kíló milli kynslóða, en er samt 8 sentimetrum lengri. Bíllinn fellur í flokkinn C-segment crossover. Þetta er önnur kynslóð bílsins og segja má að nýtt útlit hans hafi fyrst verið kynnt á bílasýningunni í París árið 2014 með tilraunabílnum Quartz og hefur 3008 erft margt frá þeim bíl. Bíllinn er nú mun meira fyrir augað og ekki veitir af vegna þeirrar miklu samkeppni sem í þessum bílaflokki er. Þar er að finna bíla eins og Kia Sportage, Hyundai Tucson, Nissan Qashqai, Volkswagen Tiguan, Renault Kadjar og Seat Ateca. Fjarlægð milli öxla hefur aukist um 6,2 cm og bætt aksturshæfni bílsins. Hann er nú miklu rýmri og með meira fótarými aftur í og skottrými hefur aukist um 90 lítra og er 520 lítrar og 1.580 lítrar ef aftursætin eru niðri. Upplýsingaskjár bílsins er 12,3 tommur og gríðargott hljóðkerfi er í bílnum með 10 hátölurum, subwoofer og alls 515 wött.


Peugeot 3008 er mikið breyttur bíll og kominn í flokk alvöru jepplinga.




Óska eftir manneskju á hestaleigu sem er vön hestum, sumarstarf. Uppl. í síma 616 1569.

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði óskast

Óska eftir að taka á leigu ca. 25fm herbergi í Hveragerði, Selfossi eða Stokkseyri. Greiðslugeta 40-45 þús, pr.mán. S. 426 5554

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

## Húsnæði í boði

Herbergi til leigu í miðbænum. Uppl. í s. 661 5219.

**TIL LEIGU 285 FM IÐNAÐARBIL Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**STIGA**



**Stiga TwinClip 50 SB**
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S 625E mótor
Tvískiptur sláttuhnífur, slær 2svar
70 lítra kassi, "notendavænn"
Frábær vél í flestan slátt
VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**




ISO 9001:2008

**NTC**

Vinnuvélar bjóða nú jarðvegsþjöppur og valtara frá Tékkneska framleiðandanum NTC. Hér er um að ræða vandaða og vel hannaða vinnuþjarka, knúna HATZ diesel- eða Honda GXR bensínmótorum. Eigum á lager ýmsar stærðir til afgreiðslu strax.

Vinnuvélar
Tækjamiðlun Innflutningur Sala

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Búðavað 1. Parhús með stórfenglegu útsýni.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 18.00**




Virkilega fallegt og vandað 246 fm. parhús á tveimur hæðum með aukaíbúð á jarðhæð. Að innan er eignin virkilega vönduð með sérsmíðuðum innréttingum, gólfhita, mikilli lofthæð og innbyggðri lýsingu í stóra hluta lofta. Að utan er húsið í góðu ástandi, staðsteypt og byggt úr vönduðum byggingarefnum. Lóðin er fullfrágengin með helllulagðri stétt og innkeyrslu fyrir framan húsið og stórri harðviðarverönd til suðurs neðan við hús. **Verð 84,9 millj.**
**Gríðarlega falleg staðsetning þar sem mjög mikils og fallegs útsýnis nýtur yfir Elliðavatnið, til fjalla og víðar. Verið velkomin.**

## Brattakinn 2, 220 Hafnarfirði

**Opið hús þriðjudaginn 5. júlí kl 17:30-18:00**




Erum með neðri hæð í tvíbýlishúsi í gamla bænum í Hafnarfirði. 2-3 svefnherbergi, 2 stofur. Eignin er 127,1 fm, þar af er 33,1 fm kjallari með sérinngangi sem býður upp á góða nýtingamöguleika.Stór sólpallur. **Verð 37.5 millj.**



**Guðmundur H. Steinþórsson**
Lögg.fasteignasali
S: 899 9600
gummi@fasthof.is

hof fasteignasala

Hlíðasmára 6, 201 Kópavogi | Sími: 5646464 | hof@fasthof.is | fasthof.is





✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Jóhanna Traustadóttir Poulsen**

lést á Landsjúkrahúsinu í Þórshöfn, Færeyjum, þriðjudaginn 28. júní.

Jarðarförin fór fram í Færeyjum laugardaginn 2. júlí.

**Sjúrður Poulsen**
**María K. Jónsdóttir Guðlaugur Bergmundsson**
**og Kári Guðlaugsson**



✝

Bróðir okkar, mágur og frændi

**Hallgrímur Sylverius Hallgrímsson**

Bræðraborgarstíg 55, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Háskólasjúkrahússins í Stavanger fimmtudaginn 23. júní.

Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 8. júlí kl. 13.00.

**Kristín Hallgrímsdóttir Helgi Már Alfreðsson**
**Gísli Hallgrímsson Hrefna Andrésdóttir**
**Gunnar Hallgrímsson**
**Helga Hallgrímsdóttir Júlíus Aðalsteinsson**
**Guðrún Hallgrímsdóttir Alfreð Hafsteinsson**
**Ásgeir Hallgrímsson Rósa Martinsdóttir**
**og systkinabörn.**



✝

Elsku mamma mín, amma, tengdamamma, systir og móðursystir,

**Katarína Þorsteinsdóttir**

lést á líknardeild Landspítalans þann 30. júní síðastliðinn. Útförin fer fram í Neskirkju fimmtudaginn 7. júlí kl. 13.

**Emma Hildur Helgadóttir Casper Rosenqvist Vissing**
**Katrín Rosenqvist Caspersdóttir**
**Áslaug Þorsteinsdóttir**
**Björn Markús Þórsson Steinunn Ósk Þorleifsdóttir**
**Sonja Þórey Þórsdóttir Jóhann Guðbjargarson**
**Steinunn Þórsdóttir Margrét Grétarsdóttir**
**og fjölskyldur.**




Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

*Við andlát ástvinar Nærgætni, hlýja og virðing*

Áratuga reynsla við útfararþjónustu




*Hinsti vilji*

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Þær Björk Þorleifsdóttir og Hildur Arna Gunnarsdóttir segja að mikið af plöntum hafi ótrúlegar sögur á bak við sig.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Plöntur með ótrúlega sögu

**Í kvöld verður söguganga um Grasagarðinn þar sem hægt er að fræðast um ýmsar sögur tengdar plöntum í garðinum. Margar þeirra hafa tengingu við íslensku þjóðsögurnar.**

Við ætlum að ganga um garðinn og segja sögur af plöntunum. Það er svo mikið af plöntum sem hafa alveg ótrúlegar sögur á bak við sig,“ segir Björk Þorleifsdóttir sem ásamt Hildi Örnu Gunnarsdóttur stendur fyrir göngu um Grasagarðinn í kvöld. Þar verður farið yfir sögur sem tengjast plöntum og þar er af nægu að taka að sögn Bjarkar. „Til dæmis var því haldið fram hér áður að lyfjagras hefði stuðlað að ásökunum um galdra. Lyfjagras er náttúrulegur hleypir og var notað í ostagerð, þá hleypti það mjólkinni í kúnum í haganum og margur kúabóndinn fékk þá strax grun um að nágranninn væri að beita göldrum til að spilla fyrir,“ segir hún.

„Nánast allar plöntur hafa ótrúlega áhugaverða sögu. Ýviðurinn sem dæmi dregur nafn sitt af því að hafa verið notaður fyrir boga. Hann er svo sveigjanlegur. Á 15. öld var nánast kominn skortur á honum, það voru svo mörg stríð að það var verið að höggva hann massíft niður.“

Björk segir þær tengja plöntur við þjóðsögur. „Það er líka margt skemmtilegt í íslensku flórunni og ótrúlega margar þjóðsögur sem tengjast plöntum. Ég held að þetta verði mjög skemmtilegt og við stefnum á að hafa fleiri göngur í framtíðinni,“ segir Björk.

Ókeypis er í gönguna sem hefst við aðalinngang Grasagarðsins í Laugardal klukkan 20.

**viktoria@frettabladid.is**



✝

Elsku besti pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

**Finnbogi Gíslason**

fyrrverandi skipstjóri,

lést á Landspítalanum þann 29. júní sl. Jarðarförin fer fram frá Neskirkju 8. júlí kl. 15.00.

**Kristín Finnbogadóttir Axel Friðriksson**
**Sigurður Finnbogason**
**Herdís Finnbogadóttir Ólafur G. Guðlaugsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Sólmundur Jónsson**

frá Ársól, Akranesi, Lóulandi 7, Garði,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 29. júní. Útförin fer fram frá Útskálakirkju miðvikudaginn 6. júlí kl. 13.00.

**Sigríður Stephensen**
**Ingibjörg Sólmundardóttir Loftur Sigvaldason**
**Sigrún Sólmundardóttir Haraldur Magnússon**
**Sigurborg Sólmundardóttir Hans Wium**
**Jón Sólmundarson Sigurbirna Ágústsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



✝

Bróðir okkar,

**Vigfús F. Jónsson**

fyrrverandi fangavörður, Boðaþingi 8, Kópavogi,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans 29. júní.

Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 8. júlí kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Herdís, Jónía, Þorbjörn og Erla Jónsbörn**

✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Sigurður Eymundsson**

rafmagnstæknifræðingur,

lést á heimili sínu 27. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju, föstudaginn 8. júlí kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar Landspítalans.

**Olga Óla Bjarnadóttir**
**Eymundur Sigurðsson Ragnheiður Bragadóttir**
**Hanna Birna Sigurðardóttir Jesper Dalby**
**Bjarni Gaukur Sigurðsson Elísabet Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

# PIZZUVEISLA!

*Kauptu 5 pizzur að eigin vali en borgaðu fyrir 4.*
*Gildir um allar pizzur*




Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

**Iceland**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Breytileg átt 3-8 eða hafgola í dag. Skýjað með köflum eða bjartviðri en líkur á síðdegisskúrum, einkum sunnanlands. Hiti víða 10 til 16 stig, en svalara við austurströndina.

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 14° | 13° | 15° |
| ↙ 2 | ↓ 3 | ↓ 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 14° | 13° | 12° |
| ↓ 3 | ↖ 6 | ← 4 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 14° | 10° | 14° |
| ↘ 5 | ← 6 | ↙ 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 11° | 13° | 12° |
| ↓ 6 | ← 7 | ↙ 6 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. drasl
6. kusk
8. mánuður
9. ról
11. 2000
12. kál
14. gimsteinn
16. ætíð
17. angan
18. tunna
20. dreifa
21. fugl

**LÓÐRÉTT**
1. asi
3. kringum
4. alls
5. festing
7. eilífð
10. nögl
13. spendýr
15. lítill
16. áverki
19. bardagi



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. rusl, 6. ló, 8. maí, 9. ark, 11. mm, 12. salat, 14. tópas, 16. sí, 17. ilm, 18. áma, 20. sá, 21. ríta. **LÓÐRÉTT:** 1. flas, 3. um, 4. samtals, 5. lím, 7. óratími, 10. kló, 13. api, 15. smár, 16. sár, 19. at.

### Skák Gunnar Björnsson

Birkner átti leik gegn Niering árið 1990



**Hvítur á leik**

**1. Hxg4+!** 1-0. Svartur gaf enda fellur drottningin efstir 2. Hb4. Heimsmeistaramóti sveita, 50 ára og eldri, lauk í gær í Dresden. Góður sigur vannst á Skotum í lokaumferðinni. Margeir Pétursson stóð sig best íslensku keppendanna.
**www.skak.is:** Lokastaðan á HM.






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 8 | | | | | 4 | |
| 5 | | | 8 | | 2 | 9 | | |
| 1 | 2 | | | | | | | |
| | 4 | | 2 | 7 | | 6 | | 5 |
| | | 5 | | | 9 | 2 | | |
| 8 | 9 | | | 6 | 5 | 7 | | |
| | | | 5 | 2 | 4 | 1 | 7 | |
| | 1 | | | | | | | |
| | | 6 | 9 | | | | | 8 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | | | 8 | | | 4 | |
| | | | 6 | | 9 | | | |
| 5 | | 9 | 1 | | | | | |
| | 5 | 4 | | | 1 | | 3 | 8 |
| | | | | | 2 | | | |
| | 8 | 3 | | | | 1 | | |
| 8 | | | | | | 3 | 5 | |
| | 2 | | 5 | | 3 | | 9 | |
| 1 | | | 9 | | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | | | | | 4 | 9 | |
| 9 | | | | 1 | | | 5 | |
| | | | 6 | | | | | |
| | | 9 | | | | 6 | | |
| 3 | | | 2 | | | | | |
| 4 | 5 | | | 9 | 6 | | 3 | |
| | | 3 | | | 4 | | | 1 |
| | | | | | 8 | | 7 | 5 |
| | | | 9 | | | | 4 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 9 | 3 |
| 7 | 8 | 9 | 2 | 5 | 3 | 1 | 4 | 6 |
| 4 | 1 | 3 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 | 7 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 |
| 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 6 | 2 | 5 | 4 |
| 5 | 9 | 6 | 4 | 2 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 3 | 6 | 5 | 8 | 4 | 7 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 4 | 3 | 8 |
| 1 | 4 | 8 | 9 | 3 | 2 | 7 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 2 | 1 | 5 | 8 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 |
| 8 | 2 | 7 | 3 | 4 | 1 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 3 | 4 | 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 9 | 1 | 7 | 5 | 8 | 3 | 2 | 4 |
| 9 | 7 | 6 | 1 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 1 | 4 | 2 | 9 | 8 | 6 | 5 | 7 | 3 |
| 3 | 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 6 | 1 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 | 4 |
| 9 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 |
| 4 | 5 | 6 | 1 | 3 | 2 | 7 | 8 | 9 |
| 6 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 9 | 3 |
| 3 | 2 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 5 | 9 | 7 | 2 | 6 | 3 | 1 | 4 | 8 |
| 1 | 6 | 8 | 3 | 2 | 9 | 4 | 5 | 7 |
| 2 | 3 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 | 1 | 6 |
| 7 | 4 | 5 | 8 | 1 | 6 | 9 | 3 | 2 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ÚTSALAN ER HAFIN
HVÖNN
6.071,-
ÁÐUR 13.490,-
YFIR 40 TEGUNDIR Á ÚTSÖLU
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
30% AF ÖLLUM ILMVÖRUM
Ilmolía blóðberg 10ml
Nú 1.393 kr. Áður 1.990 kr.
40% AF ÖLLUM DÚKUM
Dúkur Barrok
Nú 5.154 kr. Áður 8.590 kr.
40% AF ÖLLUM PÚÐUM
Bókapúði
Nú 7.104 kr. Áður 11.840 kr.
Hnífaparaveski lítið
Nú 1.014 kr. Áður 1.690 kr.
50% AF ÖLLUM BARNAFÖTUM
Samfella - blómamynstur
Nú 1.245 kr. Áður 2.490 kr.
30% AF ÖLLUM LÖKUM
Hvítt lak - 270 þræðir - stærð 90x200
Nú 2.968 kr. Áður 4.240 kr.
OKKAR STÆRSTA ÚTSALA FRÁ UPPHAFI
SENDUM FRÍTT ÚR VEFVERSLUN
Lín DESIGN
LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS





# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 5. JÚLÍ 2015

### Sýningar

**Hvað?** Íslenska teiknibókin
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Flói, Hörpu
Sýning á Íslensku teiknibókinni. Teiknibókin er unnin af fjórum óþekktum listamönnum á tímabilinu 1330-1500 og er einstæð meðal íslenskra miðaldahandrita og ein af fáum fyrirmyndabókum sem varðveist hafa í Vestur-Evrópu. Sýning er á öllum fyrirmyndum bókarinnnar með útskýringum auk eftirgerða á skinn af nokkrum blöðum handritsins. Sýningarstjóri er Guðbjörg Kristjánsdóttir listfræðingur en hún hefur rannsakað verkið um áratugaskeið. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Dracula's Pack
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Sviðsverk þar sem dans, leiklist og tónlist sameinast. Sýningin hefur ákveðinn ramma og segir vissa sögu en hvert kvöld verður einstakt með óvæntum uppákomum og sérstökum gestum. Sýningin í kvöld er síðasta sýning verksins í Tjarnarbíói. Miðaverð er 3.900 krónur.

### Tónlist

**Hvað?** Reykjavík Classics
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Eldborg, Hörpu
Ný tónleikaröð í Hörpu sem miðast við að uppfylla vaxandi þörf fyrir menningartengda afþreyingu meðal erlendra ferðamanna, sérstaklega þeirra sem vilja hlýða á klassíska tónlist. Á efnisskránni verða klassísk meistaraverk en listrænn stjórnandi er Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** Milkhouse, Rythmatík & Lucy in Blue
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu 22
Hljómsveitirnar Lucy in Blue, Rythmatik og Milkhouse spila á Húrra í kvöld. Húsið er opnað kl. 20 og tónleikarnir hefjast kl. 21.00. Miðaverð er 1.000 krónur.

**Hvað?** Söngvar frá Atlantshafsströndum
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga 70
Tuttugasta og áttunda Sumartónleikaröð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hefst í safninu í Laugarnesi í kvöld. Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran og Francisco Javier Jáuregui gítarleikari flytja tónverk fyrir söngrödd og gítar eftir John Dowland, Philip Rosseter, Jón Ásgeirsson og Francisco Jáuregui. Lögin eiga öll rætur sínar að rekja til stranda Atlantshafsins, Tónleikarnir standa yfir í rúma klukkustund og er kaffistofa safnsins opin eftir tónleikana og verða flytjendur á svæðinu. Yfirlit yfir dagskrá tónleikaraðarinnar má nálgast á vefsíðunni Lso.is. Miðaverð er 2.500 krónur.


Ýmsar sýningar standa nú yfir í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** Tríó Tómasar Jónssonar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu 28
Tríó orgelleikarans Tómasar Jónssonar leikur á Jazzkvöldi Kex Hostels. Með Tómasi verða þeir Sigurður Flosason á saxófón og Einar Scheving á trommur. Fluttir verða valdir djassstandardar og er aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Andakt á Rósenberg
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rósenberg
Hljómsveitin Andakt spilar á Café Rósenberg í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Múlinn Jazzklúbbur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft, Hörpu
Munnhörpuleikarinn Þorleifur Gaukur og bassaleikarinn Colescott Rubin spila í jazzklúbbnum Múlanum í kvöld. Þeir Þorleifur og Colescott kynntust í Berklee háskólanum í Boston í gegnum sameiginlega ást á swing-tónlist og hafa spilað saman víða síðan þá. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Stench Consultants á Dillon
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Dillon, Laugavegi 30
Bandaríska hljómsveitin Stench Consultants kemur frá Columbus í Ohio-fylki. Um er að ræða bassa- og trommutvíeyki sem flytur tónlist í anda hljómsveita á borð við Spazz, No Comment og Crossed Out. Ásamt þeim spila World Narcosis, Dauðyflin og Roht. Miðaverð er 500 krónur.



Kex jazz er á sínum stað í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Uppákomur

**Hvað?** Kynning á fornleifarannsóknum á Þingeyrum
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Klausturstofa við kirkjuna á Þingeyrum
Fræðilegar rannsóknir standa yfir á Þingeyrarklaustri í Austur-Húnavatnssýslu. Verkefnið gengur undir nafninu Þingeyrarverkefnið og er þríþætt og miðar að uppgreftri minja sem tengd eru klaustrinu, greiningu gróðurfars á miðöldum í næsta nágrenni þess og athugunum á handritamenningu miðalda. Í tengslum við rannsóknina verður efnt til kynningar á fornleifaþætti verkefnisins í Klausturstofunni við kirkjuna á Þingeyrum í dag. Fundurinn er öllum opinn.

**Hvað?** Plöntur: Hjátrú, goðsagnir og aðrar sögur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grasagarðurinn í Reykjavík
Hefur þú heyrt söguna af jurtinni sem kom sem laumufarþegi með Evrópumönnum til Ameríku og dreifði sér svo hratt að hún var orðin algeng á vesturströnd Ameríku löngu áður en Evrópumenn komust þangað? Vissir þú að lyfjagras í túni getur komið galdrafári af stað? Eða að maður þarf að setja á sig eyrnaskjól úr skoffínsskinni áður en þjófarót er rifin upp með rótum? Meðal annars verður farið yfir þessar sögu auk margra annarra í kvöldgöngu undir stjórn Bjarkar Þorleifsdóttur og Hildar Örnu Gunnarsdóttur. Farið verður um Grasagarð Reykjavíkur og hefst gangan við aðalinngang hans. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

### Dans

**Hvað?** Dans í dimmu #41
**Hvenær?** 18.50
**Hvar?** Dansverkstæðið, Skúlagötu 30
Klukkutími þar sem komið er saman dansað, glaðst og svitnað í myrkri. Tíminn kostar 1.000 krónur og aðeins er tekið við reiðufé. Hægt er að kaupa fimm skipta kort á 3.000 krónu og nánar má fræðast um viðburðinn á Facebook-síðunni Dansidimmu.

### Ljósmyndun

**Hvað?** Bowie - The Session
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Esja, Hörpu
Ljósmyndasýningin Bowie – The Session eftir ljósmyndarann Gavin Evans stendur nú yfir á fjórðu hæð Esju í Hörpu. Gavin hefur myndað fjölda þekktra andlita á ferlinum. Sýningin var opnuð fyrst í febrúar í Berlín og mun ferðast vítt og breitt um heiminn á árinu. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Þögul leiftur - ljósmyndasýning Vesturfarasetursins
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Esja, Hörpu
Ljósmyndasýningin Þögul leiftur stendur nú yfir í Esju á þriðju hæð Hörpu. Á sýningunni eru nærri 400 ljósmyndir af íslenskum landnemum eftir Nelson Gerrard. Flestar myndirnar eru teknar af Íslendingum eða afkomendum þeirra og sýna ljósmyndirnar vel verklag við ljósmyndun á þessum tíma og ýmsa áhugaverða hluti og muni sem fólk átti til. Miðaverð er 1.500 krónur.




# Gegnheil gæði í Múrbúðinni!




3.495kr. m²

EUROWOOD KIPO EIK 12mm harðparket, 18,8x187,5 cm AC5

EUROWOOD 8mm harðparket. TWO STRIP, bandsöguð áferð 19,3x138 cm

1.995kr. m² AC4

Comfort line plastparket, eik 1215x194x8,3 mm

1.665kr. m² AC4

EUROWOOD KIBO EIK, Planki 12 mm, Gráhvít 18,8x184,5 cm

3.495kr. m² AC5

EUROWOOD KIBO EIK „Smoked", Planki 12 mm, Grá 18,8x184,5 cm

3.495kr. m² AC5

EUROWOOD Eik bandsöguð áferð 1215x194x8,3 mm

1.890kr. m² AC4




Deka Projekt 10, 10 lítrar (stofn A)

6.990




Deka Projekt 05, 10 lítrar (stofn A)

6.195



BATHCO handlaug kr. **17.990**



Mikið úrval flísa



IDO WC með hæglokandi setu kr. **49.990**, glerþil kr. **19.990**

GUOREN the bathco CERAVIVA IDO

**MÚRBÚÐIN**

**Sími 412 2500** - sala@murbudin.is - **www.murbudin.is**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7 | Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***




**FALLEN HERO: OSCAR PISTORIOUS**

Mögnuð heimildarmynd sem veitir áhorfandanum einstaka innsýn í veröld Oscars Pistorious eftir að hann var handtekinn fyrir morð á unnustu sinni, Reeva Steenkamp.

FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

**VEEP**

Bráðfyndnir gamanþættir með Juliu Louis-Dreyfus í hlutverki þingmanns sem ratar í starf varaforseta Bandaríkjanna.




**THE DETOUR**

Nate fer í ferðalag með fjölskyldu sinni og það verður talsvert viðburðaríkara en hann bjóst við. Hér er á ferðinni frábær gamanþáttur sem léttir lund á þriðjudagskvöldi.



**MURDER IN THE FIRST**

Stórgóðir spennuþættir þar sem Englis og Mulligan rannsaka flókin glæpamál sem upp koma í San Francisco.



**OUTSIDERS**

Hörkuspennandi þættir sem fjalla um Farrell-klanið sem er eins konar utangarðsfólk sem lifir eftir eigin reglum hátt uppi í Appalachia-fjöllum.



**CAPTAIN PHILLIPS**

Myndin er byggð á sannri sögu og fjallar um skipstjórann Richard Phillips og baráttu hans við sómalíska sjóræningja árið 2009.



**GRACELAND**

Spennandi þáttasería um ungan nýliða í bandarísku alríkislögreglunni sem er sendur til starfa í Kaliforníu undir fölsku flaggi í innsta hring glæpasamtaka.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is




# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.20 Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga**
**07.45 The Middle**
**08.10 Mike and Molly**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Junior Masterchef Australia**
**11.05 Suits** Fimmta þáttaröðin um hinn eitursnjalla Mike Ross, sem áður fyrr hafði lifibrauð sitt af því að taka margvísleg próf fyrir fólk gegn greiðslu. Lögfræðingurinn harðsvíraði Harvey Specter kemur auga á kosti kauða og útvegar honum vinnu á lögfræðistofu sinni. Þó Ross komi úr allt annarri átt en þeir sem þar starfa nýtist hann afar vel í þeim málum sem inn á borð stofunnar koma.
**11.50 Jamie & Jimmy's Food Fight Club**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** Fimmtánda syrpa þessara vinsælu þátta en allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu. Draumasveitin frá því í fyrra situr enn í hásætinu en hún samanstendur af Keith Urban, Jennifer Lopez og hinum silkimjúka söngvara og leikara Harry Connick Jr. Kynnir er hinn kunni Ryan Seacrest.
**14.20 American Idol**
**15.45 American Idol**
**16.55 Nashville**
**17.40 Bold and the Beautiful** Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tískuheiminum en miklum vinsældum fylgir líka mikil ábyrgð og pressa á að standa sig. Endalaus valdabarátta og erjur utan sem innan fyrirtækisins setja stundum mark sitt á starfsemina og ekki hjálpa flóknu fjölskyldutengslin til.
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Íþróttir**
**19.10 Friends**
**19.35 The Comeback**
**20.10 2 Broke Girls** Bráðskemmtileg gamanþáttaröð um stöllurnar Max og Caroline sem eru staðráðnar í að láta drauma sína rætast.
**20.30 Veep** Fimmta serían ef þessum bráðfyndnu gamanþáttum. Julia Louis-Dreyfus er hér í hlutverki þingmanns sem ratar í starf varaforseta Bandaríkjanna.
**21.00 The Detour**
**21.20 Fallen Hero. Oscar Pistori**
**22.10 Murder in the First**
**22.55 Outsiders**
**23.45 Mistresses**
**00.30 Bones**
**01.15 Orange is the New Black** Fjórða þáttaröðin af þessum verðlaunaþáttum um Piper Chapman sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum.
**02.10 You're The Worst**
**02.35 Battle Creek**
**03.20 Careful What You Wish For**
**04.50 NCIS**
**05.35 Public Morals**

## SPORT

**07.00 Borgunarbikar karla 2016**
**08.50 Sumarmessan**
**12.15 Sumarmótin 2016**
**12.55 1. deildin**
**14.35 Pepsí deildin 2016**
**16.25 UFC Now 2016**
**17.15 Pepsímörkin 2016**
**18.50 Borgunarbikar karla 2016**
**20.40 Formúla E - Beijing**
**22.00 Borgunarbikarmörkin**
**23.05 Sumarmessan**
**00.05 Wimbledon Tennis 2015**
**01.55 Borgunarbikarmörkin**
**03.00 NBA**

## STÖÐ 3

**17.45 Raising Hope**
**18.10 The Big Bang Theory**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**19.50 Dulda Ísland**
**20.45 Last Man Standing**
**21.10 Silicon Valley**
**21.40 Graceland**
**22.25 Legends of Tomorrow**
**23.10 Salem**
**00.00 The Vampire Diaries**
**00.40 Entourage**
**01.05 Dulda Ísland**
**01.55 Last Man Standing**
**02.20 Silicon Valley**
**02.50 Graceland**
**03.30 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Könnuðurinn Dóra**
**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47 Víkingurinn Viggó**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveins**
**08.49 Lalli**
**08.55 UKI**
**09.00 Kalli á þakinu**
**09.25 Latibær**
**09.48 Hvellur keppnisbíll**
**10.00 Strumparnir**
**10.22 Ofurhundurinn Krypto**
**10.47 Stóri og litli**
**11.00 Könnuðurinn Dóra**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47 Víkingurinn Viggó**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveins**
**12.49 Lalli**
**12.55 UKI**
**13.00 Kalli á þakinu**
**13.22 Latibær**
**13.45 Hvellur keppnisbíll**
**14.00 Strumparnir**
**14.22 Ofurhundurinn Krypto**
**14.47 Stóri og litli**
**15.00 Könnuðurinn Dóra**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47 Víkingurinn Viggó**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveins**
**16.49 Lalli**
**16.55 UKI**
**17.00 Kalli á þakinu**
**17.22 Latibær**
**17.45 Hvellur keppnisbíll**
**17.57 Strumparnir**
**18.19 Ofurhundurinn Krypto**
**18.44 Stóri og litli**
**19.00 Turbo**

15.00 Könnuðurinn Dóra



## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Bridgestone Invitational**
**13.00 PGA Tour 2016 - Highlights**
**13.55 Bridgestone Invitational**
**18.55 PGA Special. Coming Home (Nicklaus Show)**
**19.40 Golfing World 2016**
**20.30 Bridgestone Invitational**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.35 Another Happy Day**
**12.35 Miss Conception**
**14.20 Blended** Drew Barrymore og Adam Sandler leika einstæða foreldra sem fara á misheppnað blint stefnumót og eru sammála um að þau þurfi aldrei að hittast aftur. Örlögin haga því hins vegar þannig að bæði skrá þau sig í sömu safariferðina í Afríku. Hugmynd beggja var að fara með börnin sín í ævintýraferð um Afríku og þegar þau átta sig á ferðafélögunum eru þau ekki beinlínis sátt.
**16.15 Another Happy Day**
**18.15 Miss Conception**
**20.00 Blended**
**22.00 Captain Phillips** Stórmynd frá 2013 með Tom Hanks í aðalhlutverki. Myndin er byggð á sannri sögu og fjallar um skipstjórann Richard Phillips og baráttu hans við sómalska sjóræningja árið 2009. Flutningaskipið MV Maersk Alabama varð fyrir árás sjóræningja undan strönd Sómalíu og eftir mikinn eltingaleik tókst sjóræningjunum að komast um borð og leggja undir sig skipið.
**00.15 Gravity**
**01.50 The Number 23**
**03.30 Captain Phillips**

## RÚV

**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Hopp og hí Sessamí**
**18.25 Ævar vísindamaður III**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Þú ert hér**
**20.00 Ekki bara leikur**
**20.30 Átök í uppeldinu**
**21.15 Innsæi**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Vitni**
**23.15 Stúlkurnar í Anzac**
**00.15 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**00.35 The People v. O.J. Simpson. American Crime Story**
**01.20 Rosewood**
**02.05 Minority Report**
**02.50 Limitless**
**03.35 Heroes Reborn**
**04.20 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**05.00 The Late Late Show with James Corden**
**05.40 Pepsi MAX tónlist**
**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rules of Engagement**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 America's Next Top Model**
**09.45 Hotel Hell**
**10.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 The Biggest Loser - Ísland**
**13.05 The Voice Ísland**
**14.45 Dr. Phil**
**15.25 Telenovela**
**15.50 Survivor**
**16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**17.15 The Late Late Show with James Corden**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**19.00 King of Queens**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 Black-ish**
**20.15 Crazy Ex-Girlfriend**
**21.00 Rosewood**
**21.45 Minority Report**
**22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.10 The Late Late Show with James Corden**
**23.50 Brotherhood**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


Ali
Gæði
Ali
Hunangs skinka
Ali
Ali
Skinka
Ali
Reykt skinka
METNAÐARFULL FRAMLEIÐSLA
Ali
SÍÐAN 1944
Ali
Silkiskorin
Hunangsskinka
Ali
Silkiskorin
Skinka
Ali skinkur bera Græna skráargatið
og eru án ofnæmisvaldandi efna
Ali



Örnu Ýr var gert að klæða sig upp fyrir leik Íslands gegn Frökkum á sunnudag. Sem hún og gerði.



Arna Ýr hefur meira en nóg að gera við að árita fána og spjöld í skemmtigarðinum Europa Park.

# Miss EM er alls ekki af baki dottin

Þó svo íslenska karlalandsliðið hafi lokið þátttöku sinni á EM hefur ungfrú EM nóg að gera. „Það elska allir Ísland,“ segir Arna Ýr, pakkfull af þjóðarstolti. Hún hefur vart undan að veita eiginhandaráritanir og veifa úr skrúðgöngum.

Alla daga fer ég er í garðinn Europa Park og er í bíl í skrúðgöngu á leiðinni þangað. Sit þar með borðann minn og veifa til krakkanna,“ segir ungfrú EM, Arna Ýr Jónsdóttir, sem enn er í lukkunnar velstandi rétt hjá þýsku borginni Freiburg, sem einmitt er við landamæri Þýskalands og Frakklands, þar sem Evrópumeistaramótið í knattspyrnu fer fram.

Íslenska karlalandsliðið sneri aftur heim í gær eftir frækna framgöngu á mótinu og má því segja að Arna Ýr standi vaktina fyrir Íslands hönd, verandi ungfrú EM. Þrátt fyrir að Ísland hafi lokið þátttöku sinni á mótinu er Arna Ýr í blússandi stuði og nóg fyrir hana að gera.

„Ég kom hingað með það fyrir augum að vera í tvær vikur. Ég hef verið meðhöndluð eins og prinsessa allan tímann. Eftir að hafa verið í skrúðgöngunni fæ ég svo hádegismat, og fer aftur þaðan á minn bás þar sem risastórum skiltum með myndum af mér hefur verið komið fyrir. Þar sit ég og árita á spjöld með myndum af mér og fólk getur sömuleiðis fengið myndir af sér með mér. Á kvöldin, þegar leikir fara fram, er ég á aðalhótelinu á sviði að gefa áritanir og sé svo auk þess um happdrætti og fleira skemmtilegt,“ útskýrir Arna Ýr, alsæl með hlutverkið.

Þú ert þá væntanlega komin í frægra manna tölu í Freiburg, svona miðað við áganginn? „Já, það má eiginlega segja það. Það koma allir æðislega vel fram við mig og ég fæ að upplifa allt það besta,“ segir hún glöð í bragði. Þó svo að Arna Ýr kunni býsna vel við þá prinsessulegu meðhöndlun sem hún fær, þá er hún afar ánægð með að fá tækifæri til að vera með svokallað „workshop“ sem ætluð eru börnum. „Ég fæ þá að kenna þeim ýmislegt, svo sem að mála, catwalk-ing-námskeið og fimleika,“ bendir hún stolt á, en sjálf er Arna Ýr fimleikakennari og mikil íþróttakona. Þá er hún iðin við að grípa í pensilinn og er mikil listakona.

**ÞÁ FANNST MÉR EINMITT MJÖG GAMAN AÐ FÁ TÆKIFÆRI TIL AÐ SENDA KVEÐJU TIL LANDSLIÐSINS OKKAR FYRIR LEIKINN.**

En skyldi titillinn ungfrú EM skila henni einhverjum frekari tækifærum að lokinni EM dvölinni? „Já, ég hef fengið rosalega mikið af smærri verkefnum og myndatökum. Verkefni tengd Íslandi hreinlega hlaðast inn og mikið af ljósmyndurum sem bjóða mér verkefni. Þetta er allt saman mjög skemmtilegt. Þá fannst mér einmitt mjög gaman að fá tækifæri til að senda kveðju til landsliðsins okkar fyrir leikinn á móti Frökkum. Eigendur Europa Park lögðu mikla áherslu á að ég myndi láta liðið vita að það ætti endilega að gera sér ferð í garðinn, þar sem allt yrði auðvitað í boði hússins. Maður finnur mikið fyrir því að allir elska Ísland núna.“

En hvernig er stemningin núna þegar Ísland er dottið út? „Hún er enn þá rosalega góð. Allir tala svo rosalega fallega um Ísland. Ég var beðin um að fara í viðtal bæði fyrir og eftir leikinn og það eina sem rætt var um, var hversu frábært liðið er og hversu flottir íslensku stuðningsmennirnir voru,“ segir hún og ekki er annað að heyra en hún sé ansi stolt af samlöndum sínum. „Bróðir minn og kærasti eru að koma út til mín og við verðum hér saman þar til móti lýkur,“ segir hún að lokum, afar ánægð með lífið. **gudrun@frettabladid.is**






## Koma allar úr hverfinu

Flestir kannast við Smiðjuhverfið í Kópavogi þar sem göturnar eru nefndar eftir litum og fjöldinn allur af fyrirtækjum hefur aðsetur. Í kvöld má kynnast annarri hlið hverfisins þegar efnt verður til listahátíðarinnar SmiðjuFest.

Að hátíðinni stendur fjöllistahópurinn Bermúda sem hefur haft aðsetur í hverfinu og vinnur þar að listrænni rannsókn. Hópinn skipa Agnes Ársælsdóttir, Hrund Ingvadóttir og Kristín Nanna Einarsdóttir. „Hugmyndin spratt eiginlega upp út frá Smiðjuhverfinu. Við erum allar úr hverfinu en höfum ekki gert okkur oft ferð þangað og ekki skilið það alveg,“ segir Agnes en óskipulag hverfisins vakti athygli þeirra.



Hugmyndin að Bermúda kviknaði eftir göngutúr. MYND/JÚLÍUS VALDIMARSSON

Hugmyndin að hópnum kviknaði eftir göngutúr og sóttu þær í kjölfarið um Skapandi sumarstarf í Kópavogi. „Við fórum í göngutúr inn í göturnar og sáum alls konar spennandi sjónræn mótív fyrir ljósmyndun. Það var upphafspunkturinn,“ segir Agnes.

Í sumar hafa þær mest fengist við ljósmyndun og grafík en þær koma úr ólíkum áttum. „Ég er að læra myndlist í Listaháskólanum, Kristín er í bókmenntafræði og Hrund hefur verið að fást við ljósmyndun.“ Þegar Agnes er spurð að því hvort þær stöllur skilji hverfið betur eftir að hafa unnið þar í nokkrar vikur hlær hún. „Ég veit það ekki alveg. Það hefur allavega komið okkur á óvart hvað það er fjölbreytt og hvað það er einhvern veginn lítið skipulag hér,“ segir hún en nafn listahópsins segir hún tilkomið vegna þess að í Smiðjuhverfinu sé ekkert skipulag og fólk týnist þar í mismunandi tímabeltum.

Í kvöld verða ýmis atriði bæði úr Skapandi sumarstörfum og öðrum áttum. SmiðjuFest hefst klukkan 20.00 og verður á neðri hæð í Grárri götu. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis. **– gló**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA




Skoðaðu útsölublaðið á husa.is

- 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% -

# SUMAR ÚTSALA

- 50% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 40% - 50% - 40% - 3

BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁL

## ÖLL inni- og útimálning
## 25% afsláttur




**Jotun Akryl Mur 3 ltr. útimálning á stein og múr**
Silkimött alkalíþolin 100% akrýlmálning. Gljástig 7. Hágæða útimálning sem þekur einstaklega vel.
7049503-12

**6.750 kr**
~~8.999 kr~~

Blöndum alla liti

**2.246 kr**
~~2.995 kr~~

**Jotun Vegg&loft 3 ltr.**
Frábær ný innimálning fyrir veggi og loft. Gljástig 5. Blöndum alla liti.
7119781-83

**Pallaolía Jotun Treolje 3 ltr.**
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg glær, gullbrún, græn og einnig hægt að blanda fleiri liti.
7049123-27

**1.908 kr**
~~2.385 kr~~

## ÖLL viðarvörn- og pallaolía
## 20% afsláttur

Mest selda pallaolían í Húsasmiðjunni

Byggjum á betra verði

www.husa.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005
Póstdreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




## Lífið er eins og að horfa á leik

Ég sit í mannþröng mikilli, syng þjóðsönginn í bringuna á mér – sönghæfileikar leyfa ekki meira – og horfi á sjónvarpsskjá sem hangir yfir mér líkt og stjarna yfir vitringunum forðum.

Svo allt í einu hljómar Eldgamla Ísafold af svo miklum þunga að jörðin skelfur. Ég hafði ekki tekið eftir því en ég er umvafinn Englendingum. Ég verð hvekktur mjög. Lít í kringum mig og sé urmul af bjórbullum jafn ófrýnilegum og tröllum í íslenskum barnabókmenntum. Ég fer að hugsa með mér hversu ómenningarleg enska þjóðin sé, kemst meira að segja að því að besti rithöfundur þeirra hafi verið Pólverji sem kallaði sig Joseph Conrad.

Svo skora Englendingar úr víti og allir öskra jeee! Eins og fáráðlingar. Ég ætla ekki að segja frá hugleiðingum mínum sem leiddu til þeirrar niðurstöðu að Englendingar væru upp til hópa hinir mestu örvitar.

Korteri síðar var ég farinn að titra af unun eins og eitt eilífðar smáblóm. Um sama leyti komst ég að þeirri niðurstöðu að allir Bretar væru, inn við beinið, hið besta fólk. Mikil menningarþjóð og þakka mætti fyrir ríkulegt framlag þeirra til heimsmenningarinnar. Á því andartaki komst Joseph Conrad ekki í landslið enskra rithöfunda.

Svo kom það fyrir að ensk kona féll í yfirlið á næsta borði. Þá varð samkennd svo mikil að ég fann ekki hvar sál mín endaði og sál allra Breta byrjaði.

Er ekki lífið eins og að horfa á fótboltaleik? Þegar maður er óttasleginn og illa gengur er fólkið ömurlegt. Þegar vel gengur er fólk til fyrirmyndar. Og svo gerist stundum eitthvað sem minnir mann á að við sitjum öll saman í þessari súpu sem við köllum líf.








